



# **Killing fields: Framsetning á illsku mannsins**

Ferðalög á slóðir myrkurs og óhugnaðar

Arna Sif Þorgeirsdóttir  
Guðrún Halla Þorvarðardóttir



**Líf- og umhverfisvísindadeild  
Háskóli Íslands  
2020**



# **Killing fields: Framsetning á illsku mannsins**

Ferðalög á slóðir myrkurs og óhugnaðar

Arna Sif Þorgeirsdóttir  
Guðrún Halla Þorvarðardóttir

10 eininga ritgerð sem er hluti af  
*Baccalaureus Scientiarum* gráðu í ferðamálafræði

Leiðbeinandi  
Katrín Anna Lund

Líf- og umhverfisvísindadeild  
Verkfræði- og náttúruvísindasvið  
Háskóli Íslands  
Reykjavík, maí 2020

Killing fields: Framsetning á illsku mannsins  
Ferðalög á slóðir myrkurs og óhugnaðar  
10 eininga ritgerð sem er hluti af *Baccalaureus Scientiarum* gráðu í ferðamálafræði

Höfundarréttur © 2020 Arna Sif Þorgeirsdóttir og Guðrún Halla Þorvarðardóttir  
Öll réttindi áskilin

Líf- og umhverfisvísindadeild  
Verkfræði- og náttúruvísindasvið  
Háskóli Íslands  
Askja, Sturlugötu 7  
102 Reykjavík

Sími: 525 4000

Skráningarupplýsingar:

Arna Sif Þorgeirsdóttir og Guðrún Halla Þorvarðardóttir, 2020, *Killing fields: Framsetning á illsku mannsins. Ferðalög á slóðir myrkurs og óhugnaðar*, BS ritgerð, Líf- og umhverfisvísindadeild, Háskóli Íslands, 35 bls.

Prentun: Ásprent  
Akureyri, maí 2020

# Útdráttur

Dauði og hörmungar hafa lengi vakið upp forvitni meðal manna og laðað ferðamenn að stöðum þar sem dauði kemur við sögu. Í rannsókn þessari var fjallað um myrkvaferðamennsku og hvers vegna fólk heimsækir staði sem geyma minningar um hryllilega atburði. Slíkir áfangastaðir verða oft til fyrir slysi og miðla sögu þeirra myrku atburða sem hafa átt sér stað á tilteknu svæði. Leitast var við að skilja hvers vegna slíkir staðir hafa orðið það aðdráttarafl í ferðamennsku sem raun ber vitni.

Killing fields í Kambódíu er einn slíkra staða en þar áttu miklar hörmungar sér stað á árunum 1975-1979 og hefur hann orðið vinsæll áfangastaður þeirra sem heimsækja landið. Killing fields var valinn sem aðalvettvangur ritgerðarinnar, enda býr staðurinn yfir mikilli sögu tengdri hræðilegum atburðum og er oft á tíðum talinn geyma einn af myrkustu atburðum sögunnar. Tekin voru viðtöl við sex einstaklinga sem heimsótt hafa Killing fields. Í gegnum viðtölin voru þær ástæður sem liggja að baki heimsókna til Killing fields skoðaðar sem og hvernig viðmælendur upplifðu staðinn. Þar að auki var þáttur sanngildis skoðaður í framsetningu á atburðunum sem áttu sér stað á Killing fields.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að heimsókn á stað eins og Killing fields er þung og erfið. Hún getur jafnvel verið svo þungbær að hún hafi neikvæð áhrif á andlega orku einstaklinga. Margar ástæður geta legið að baki ferðalaga á myrka staði, til að mynda forvitni, fróðleiksporsti eða löngun til að kynnast nýrri menningu. Upplifanir hvers og eins eru þó persónubundnar og huglægar, og erfitt er að skilgreina upplifanir mismunandi einstaklinga í ákveðna flokka. Ólíkur bakgrunnur, reynsla og hugsjónir viðmælenda höfðu áhrif á hvernig þáttur sanngildis endurspeglast í framsetningu á Killing fields. Markmið rekstraraðila staðarins er að varpa ljósi á raunverulega sögu staðarins, en niðurstöður sýndu að mikilvægt er að nálgast einstaklingana út frá þeim mismunandi skoðunum og upplifunum sem hver og einn hefur.

Lykilorð: Myrkvaferðamennska, Killing fields, dauði, hörmungar, upplifun, framsetning, sanngildi



# Abstract

Death and calamity have long aroused curiosity amongst individuals and attracted tourists to places of death. This study discussed dark tourism and why people visit places that hold memories of horrific events. Such places are often created by accident and share the history of the dark events that have taken place in that particular area. Efforts were made to understand why such places have become tourist attractions.

Killing fields is one of those places as horrific events took place there between 1975 and 1979. It has become a popular destination for those visiting Cambodia. Killing fields was chosen as the main subject matter for this thesis, as it has a remarkable history of horrific events and is even considered to be one of the darkest events in history. Six individuals who visited the Killing fields were interviewed. Throughout the interviews, the reasons behind their visits were examined as well as their personal experiences during their stay. In addition, the concept of authenticity with regard to the presentation of Killing fields was explored, with an objective eye.

The results of the study revealed that visiting a place like Killing fields is extremely draining and difficult. It can even be so burdensome that it negatively affects the mental energy of individuals. Many reasons may lie behind why people travel to dark places, for example, curiosity, the hunger for new knowledge or the desire to learn about new cultures. However, the experiences of each individual are unique, and it is difficult to define and categorize these experiences as they remain subjective. The immensely diverse backgrounds, experiences and ideals of the interlocutors, strongly influence how the authenticity factor is interpreted in the presentation of Killing fields. The goal of the local operators is to shed light on the history of the place, but results showed that it is important to approach each of these visitors uniquely because of their different interpretations as a result of varying views and experiences.

Keywords: Dark tourism, Killing fields, death, calamity, experience, presentation, authenticity





# Efnisyfirlit

Myndir.....	viii
Töflur.....	ix
Þakkir .....	xi
<b>1 Inngangur.....</b>	<b>1</b>
<b>2 Fræðileg nálgun .....</b>	<b>3</b>
2.1 Myrkvaferðamennska .....	3
2.2 Ástæður ferðalaga á myrkar slóðir.....	5
2.3 Tilurð myrkra áfangastaða .....	6
<b>3 Killing fields .....</b>	<b>9</b>
<b>4 Gögn og aðferðir .....</b>	<b>13</b>
4.1 Rannsóknaraðferð .....	13
4.2 Framkvæmd og gagnaöflun .....	13
4.3 Greining og úrvinnsla gagna .....	14
<b>5 Niðurstöður .....</b>	<b>17</b>
5.1 Ástæður að baki heimsókna á Killing fields .....	17
5.2 Upplifun .....	18
5.3 Væntingar.....	20
5.4 Áhrif.....	21
5.5 Sögu- og fræðslugildi Killing fields .....	23
<b>6 Umræður og ályktanir .....</b>	<b>25</b>
6.1 Helstu niðurstöður rannsóknarinnar.....	30
<b>Heimildir .....</b>	<b>31</b>
<b>Viðauki A .....</b>	<b>35</b>

# Myndir

Mynd 1 Chankiri Tree. (Heimild: The Killing Fields Museum of Cambodia, á.á.) .....	10
Mynd 2 Turn þar sem finna má höfuðkúpur fórnarlamba. (Heimild: The Killing Fields Museum of Cambodia, á.á.) .....	11

# Töflur

Tafla 1 Viðmælendur rannsóknarinnar .....	14
---	----



# Þakkir

Við viljum þakka leiðbeinanda okkar, Katrínu Önnu Lund, kærlega fyrir faglega og frábæra leiðsögn og jafnframt fyrir að veita okkur frelsi til að vaxa og dafna með viðfangsefninu. Einnig viljum við þakka viðmælendum okkar, sem gáfu sér tíma til þess að hitta okkur og svara þeim spurningum sem við höfðum. Tími þeirra og þær upplýsingar sem fengust úr viðtölunum reyndust okkur mjög vel. Með þeirra aðstoð öðluðumst við dýpri skilning á viðfangsefninu. Reyndist það gríðarlega mikilvægt við vinnslu á ritgerðinni. Sérstakar þakkir hljóta þeir sem gáfu sér tíma í yfirlestur á ritgerðinni fyrir aðstoðina sem og fjölskyldur okkar fyrir stuðninginn. Að lokum viljum við þakka hvor annarri kærlega fyrir samstarfið.



# 1 Inngangur

Ferðalög hafa lengi verið hluti af lífi fólks og eru heimsóknir á myrka staði ekki undanskildar (Stone & Sharpley, 2008). Tilhögun ferðalaga og hvatar fólks hafa breyst í gegnum tíðina og virðist fólk í auknum mæli sækjast eftir því að komast nær menningu og sögu annarra þjóða. Á þann hátt þykir fólki það upplifa ákveðinn áreiðanleika (*e. authenticity*) í gegnum ferðalög sín (MacCannell, 1999). Ástæður að baki heimsókna á myrkar slóðir geta verið margvíslegar og erfitt hefur reynst að útskýra aðdráttarafl þeirra áfangastaða (Stone & Sharpley, 2008). Sömmuleiðis hafa fræðimenn vakið athygli á að þörf sé á frekari rannsóknum á upplifunum gesta á myrkum svæðum en slíkt getur verið flókið viðfangsefni (Stone, 2005; Martini & Buda, 2018).

Ferðalög á myrkar slóðir einkennast af því að upplifa liðna atburði á borð við dauða, hörmungar og hrylling og eru slík ferðalög ekki ný af nálinni. Ferðalög af þessu tagi má rekja aftur til Rómverja til forna sem komu saman í hringleikahúsum til þess að horfa á skylmingarþræla berjast fyrir lífi sínu (Stone & Sharpley, 2008). Myrkvaferðamennska hefur notið sífellt meiri vinsælda í gegnum árin víðs vegar um heiminn og tengjast margir vinsælir áfangastaðir í dag myrkri og hörmungum á einhvern hátt. Í Kambódíu má finna einn slíkan stað sem nefnist *The Choeng Ek Killing Fields* (hér eftir kallað Killing fields) og hefur hann í gegnum tíðina orðið að vinsælum áfangastað ferðamanna. Þar má sjá myrka sögu þjóðarinnar sem einkenndist um tíma af umfangsmiklum þjóðarmorðum af hálfu einræðisherra og hans flokki (Taylor, 2014, 7. ágúst).

Markmið þessarar ritgerðar er að skoða hvað það er sem gerir myrkan stað að áfangastað ferðamanna. Í ljósi þess ákváðu rannsakendur að skoða Killing fields í Kambódíu sem myrkan áfangastað vegna þess hversu margir Íslendingar heimsækja staðinn í heimsreisum. Rannsakendur höfðu þá tilfinningu að Íslendingar sem heimsækja staðinn hafi oft litla sem enga vitneskju um hvað átti sér stað á Killing fields. Þótti því vert að kanna þekkingu þeirra betur og hvort sú vitneskja hefði haft áhrif á einstaklingana og upplifun þeirra á staðnum. Gerð verður ítarlega grein fyrir þeim atburðum sem áttu sér stað á svæðinu. Stuðst verður við kenningar fræðimanna í fræðilegum hluta ritgerðarinnar í því skyni að dýpka skilning á viðfangsefninu. Í gegnum viðtöl verða svo upplifanir og hvatar einstaklinga sem heimsótt hafa Killing fields skoðaðar. Greint verður frá því hvernig þáttur sanngildis birtist gestum í framsetningu á þeim atburðum sem áttu sér stað á Killing fields. Í ljósi þess verður leitað svara við eftirfarandi rannsóknarspurningum:

- *Hvers vegna eru myrkir áfangastaðir aðdráttarafl í ferðamennsku?*
- *Hvað laðar fólk að Killing fields í Kambódíu og hverjar eru upplifanir fólks á staðnum?*
- *Hver er þáttur sanngildis í framsetningu atburðanna á Killing fields?*

Ritgerð þessi skiptist í sex kafla og er uppbygging hennar á þann hátt að á eftir inngangi, í 2. kafla, verður gerð grein fyrir fræðilegri umfjöllun. Þar verður farið yfir þau hugtök sem tengjast viðfangefni rannsóknarinnar og þeim gerð skil. Í 3. kafla verður ljósi varpað á tilurð

Killing fields ásamt því að greina frá þeirri myrku sögu sem þar átti sér stað. Í 4. kafla verður farið yfir þá aðferðafræði sem notuð var við rannsóknina. Í þeim kafla verður farið yfir val á rannsóknaraðferð, framkvæmd og gagnaöflun og loks greiningu og úrvinnslu gagna. Niðurstöður viðtalsrannsóknar verða kynntar í 5. kafla. Kaflanum verður skipt í þau meginþemu sem fengust úr viðtölunum. Í 6. kafla verða umræður og ályktanir rannsakennda dregnar fram í samhengi við fræðilega umfjöllun ritgerðarinnar. Einnig verða helstu niðurstöður rannsóknarinnar kynntar ásamt því að svara þeim rannsóknarspurningum sem lagt var upp með.



## 2 Fræðileg nálgun

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir fræðilegri umfjöllun og helstu hugtökum og kenningum fræðimanna sem tengjast viðfangsefni ritgerðarinnar. Ljósi verður beint að myrkvaferðamennsku og hvað hugtakið felur í sér. Fjallað verður ítarlega um það hvers vegna fólk laðast að myrkum áfangastöðum og hvers vegna slíkir staðir verða til.

### 2.1 Myrkvaferðamennska

Eitt er víst að allir munu deyja en samt sem áður reyna einstaklingar að finna leið til að kljást við eigin dauða. Þrátt fyrir að dauðinn og umtal um hann hafi, á árum áður, þótt tabú hefur það orðið til þess að áhugi og forvitni fólks á honum hefur aukist (Stone & Sharpley, 2008). Áhugi fólks á ferðalögum um slóðir tengdar dauðanum, ofbeldi, hörmungum og þjáningu hefur, sömuleiðis, farið ört vaxandi (Sharpley, 2009). Helstu ástæður fyrir uppgangi myrkvaferðamennsku eru mikil fjölgun ferðamanna, tilkoma hnattvæðingar og aukin tækni og miðlun. Hefur það orðið til þess að slík ferðalög eru aðgengilegri ferðamönnum sem áhugann hafa auk þess sem auðveldlega er hægt að nálgast upplýsingar um þessi viðfangsefni (Foley & Lennon, 1996).

Myrkvaferðamennska felur í sér heimsóknir á staði, minnisvarða eða söfn og sýningar sem geyma minningar um hryllilega atburði tengdar dauðanum eða þjáningum sem hafa átt sér stað og þeirri sögu miðlað áfram, hvort sem um raunverulegan eða sviðsettan stað er að ræða (Stone, 2005). Lennon segir fólk heillast af dekkri hliðum mannkynsins og þeim hræðilegu atburðum sem hafa, í auknum mæli, átt sér stað víðsvegar um heiminn (Grief Tourism, 2007, 25. mars). Lennon og Foley (1999) telja að aðalástæða þess að fólk heillast af myrkum áfangastöðum sé til þess að votta þeim látnu virðingu og halda minningu þeirra á lífi. Myrkum ferðamannastöðum hefur einnig verið lýst sem nýtískulegum áfangastöðum, samkvæmt þeim sem starfa innan fjölmiðlageirans. Að mati Lennon og Foley, hafa slíkir ferðamannastaðir einnig verið sagðir leggja áherslu á menntunar- og fræðslugildi.

Framsetning á myrkum áfangastöðum gefur ferðamönnum tækifæri til þess að nálgast raunverulega myrka atburði og með því standa andspænis dauðanum. Þar gefst ferðamönnum kostur á að upplifa dauðann í gegnum sjónræn skilningarvit í stað þess að snerta hann beint, sem skapar rými fyrir vangaveltur og hugmyndir. Vangaveltur um dauðann geta ýtt undir skilning einstaklings á því hversu viðkvæmt lífið getur verið sem og lítilvægi einstaklingsins í alheiminum öllum (Bowman & Pezzullo, 2010). Á sama tíma skapar framsetningin þó ákveðna fjarlægð að því leyti að ferðamaðurinn er eingöngu þátttakandi í framsetningu atburðar en upplifi hann ekki á eigin skinni. Ferðamönnum gefst kostur á að kynna dauðanum í nálægu og öruggu umhverfi en aukin framsetning og framboð myrkra atburða hefur gert aukið áhorf á hryllilega atburði samfélagslega samþykkt. Forvitni er varðar dauðann er þá svalað, spurningum svarað og dregið er úr óttaslegnum tilfinningum um dauðdaga einstaklinga. Gerir það mörgum kleift að sættast við eigin dauða seinna meir. Má því segja að í dag deili hinir látnu heiminum með hinum lifandi, á þann hátt að dauðinn er orðinn beinn hluti af framleiðslu afþreyingarefnis fyrir ferðamenn

og aðra áhugasama. Í seinni tíð hafa frekari breytingar einnig orðið á sambandi fólks við dauðann. Áður fyrr var það í höndum fjölskyldumeðlima að huga að þeim sem létust á heimilum sínum, ganga frá líkinu og grafa. Í dag hefur ákveðin stofnanavæðing átt sér stað og hafa hinar ýmsu stofnanir, líkt og sjúkrahús og dvalarheimili, létt byrði almennings og tekið við hinum veiku og látnu. Þessi aðskilnaður hefur orðið til þess að dauðinn er fjarlægari en áður fyrr, ekki síst í hinum vestræna heimi. Í dag býr margt fólk við betra öryggi og glæpir, dauði og hryllingur ógna síður tilvist þess en áður. Á sama tíma geta núverandi kynslóðir, meira en nokkru sinni fyrr, nálgast dauðann allt um kring og á annan hátt, til að mynda í ljósmyndum, bókmenntum, arkitektúr, fjölmiðlum og öðrum miðlum (Stone & Sharpley, 2008).

Myrkvaferðamennska er, eins og áður segir, ekki nýtt fyrirbrigði og hafa einstaklingar lengi dregist að áfangastöðum sem tengjast dauðanum eða hörmungum á einhvern hátt (Stone & Sharpley, 2008). Þrátt fyrir að hugtakið sjálft sé nokkuð nýlegt þá hafa ýmsir fræðimenn bent á að heimsóknir á myrka staði eigi sér langa sögu (Seaton, 1996; Stone, 2005). Hvort sem það hafi verið meðvitað eða ómeðvitað og hvort sem um trúarlegar ferðir eða pílgrímsferðir hafi verið að ræða, hafa einstaklingar lengi heimsótt myrkar slóðir tengdar dauðanum. Sögur af myrkum ferðum má rekja til tíma Rómverja þar sem fólk kom saman til að horfa á skyldingarþræla berjast í Colosseum hringleikahúsinu. Viðvera á almennum aftökum á miðöldum er einnig dæmi um fyrstu ferðirnar sem farnar voru á slóðir dauðans. Að auki hefur verið fjallað um fyrstu skipulögðu ferðina undir leiðsögn í Englandi. Þar var farið með lest til þess að fylgjast með aftöku tveggja morðingja (Stone & Sharpley, 2008).

Það var þó ekki fyrr en á níunda áratug síðustu aldar sem fræðimenn fóru að leitast við að skilgreina hugtakið. Skiptar skoðanir hafa verið á því hvað myrkvaferðamennska er og hvort hægt sé að skilgreina slíka ferðamennsku og setja í sérstakan flokk (Bowman & Pezzullo, 2010). Vinsælasta nafnið, og það sem notað er í þessari ritgerð, er myrkvaferðamennska (*e. dark tourism*) sem sett var fram af Foley og Lennon (1996). Skilgreindu þeir myrkvaferðamennsku sem heimsóknir fólks á svæði sem eru, á einhvern hátt, tengd dauðanum, hörmungum og grimmdarverkum (Lennon & Foley, 2000). Rannsókn Foley og Lennon (1996) var þó ekki sú fyrsta sem fjallaði um myrkvaferðamennsku. Í grein Bowman og Pezzullo (2010) er, til að mynda, nokkrum nöfnum um slíka ferðamennsku varpað fram: MacCannell fjallar um neikvæðar skoðunarferðir (*e. negative sightseeing*), Lippard um harmleikaferðamennsku (*e. tragic tourism*) og Rojek um svarta staði (*e. black spots*). Rojek (1993) fjallaði um svarta staði í bók sinni *Ways of Escape* og vísaði hann þá í staði þar sem þekktir einstaklingar létu lífið eða þar sem fjöldi fólks lést á skelfilegan hátt.

Í bók sinni, *Dark Tourism*, fjalla Lennon og Foley (2000) um það hvernig dauði og hörmungar eru meðhöndlaðar með öðrum hætti en áður fyrr. Með fjölgun ferðamanna, nútímavæðingu og auknu aðgengi fjölmiðla hafa staðir tengdir dauðsföllum, hörmungum og grimmdarverkum verið markaðsvæddir. Einnig benda þeir á að myrkvaferðamennska sé nútímalegt og vestrænt fyrirbrigði sem byggt er á ómarkvissum ferðalögum. Yfirleitt skýrast slík ferðalög af einskærri forvitni ferðamanna á svæðinu eða vegna tilviljanakenndra heimsókna á vegum ferðaskrifstofa.

Í kjölfar aukinnar umfjöllunar um myrkvaferðamennsku og hvað felist í henni hafa sprottið fram ákveðnar siðferðislegar deilur. Ágreiningur hefur orðið um það hvort fólki þyki við hæfi að reka myrkan áfangastað og kynna hann fyrir almenningi. Enn frekari spurningar hafa vaknað um það hvort videigandi sé að hagnast á slíkum stað. Ágreiningur hefur einnig snúið

að því hvernig framsetningu á myrkum stöðum getur verið háttáð. Hefur því verið haldið fram að bóúð sé að breyta eða hliðra sögulegum atburðum til. Að sama skapi hefur borið á vangaveltum varðandi siðferði þess að heimsækja myrkan áfangastað. Ítrekaðar heimsóknir á myrka staði geta, til að mynda, sefað tilfinningar um óhugnað fremur en að ýta undir þær. Er þá talið að tengsl gesta við dauðann breytist úr því að vera erfið í að vera léttvæg og að óhugnanlegar tilfinningar gagnvart dauðanum dofni. Geta sumir einstaklingar litið á heimsóknir á myrkan áfangastað sem skemmtun og hegðun þeirra á staðnum verið þess eðlis að hún þyki ekki nægilega viðeigandi. Með því er átt við að ekki sé borin næg virðing fyrir staðnum og alvarleika atburðanna. Nýlegar rannsóknir hafa þó sýnt að flestir gestir myrkra áfangastaða taki virkan þátt á meðan á heimsókn stendur. Hugmyndir um óviðeigandi hegðun eigi þá hugsanlega eingöngu við um staðalímyndir ferðamanna sem heimsækja myrka staði, það er að segja þá sem eru óvirkir og ógagnrýnir (Light, 2017).

## 2.2 Ástæður ferðalaga á myrkar slóðir

Í gegnum tíðina hafa fjölmargir hörmulegir atburðir átt sér stað og má finna ótal marga staði þeim tengdum sem hægt er að heimsækja. Áhugavert er að velta því fyrir sér hvers vegna slíkir staðir vekja áhuga fólks og hverjir hvatar einstaklinga eru (Stone, 2005). Margar ástæður geta verið fyrir heimsóknum ferðamanna á myrka staði og er í raun ekki hægt að útskýra hvað það er sem laðar fólk að slíkum stöðum á einn einfaldan hátt (Stone & Sharpley, 2008).

Margar spurningar hafa vaknað hvað varðar myrkvaferðamennsku, en hefur þeim þó ekki öllum verið svarað. Ýmsir fræðimenn hafa bent á að þörf sé á frekari rannsóknum á hvötum og upplifunum ferðamanna um myrkar slóðir (Stone, 2005; Martini & Buda, 2018). Stone (2006) fjallar til að mynda um að ástæður myrkra ferðalaga séu til þess að takast á við einhvers konar hræðslu, löngun til að upplifa eitthvað nýtt eða svala einhverri þörf. Foley og Lennon (1996) telja að menntun, minningar og skemmtun séu helstu hvatar ferðamanna að myrkum stöðum. Stone og Sharpley (2008) telja ástæðurnar hins vegar vera þær að ferðamenn vilji komast nær sannleikanum og dauðanum. Upplifun ferðamanna á atburðunum getur á þennan hátt orðið sterkari við það að vera á staðnum, fá að sjá með eigin augum og snerta heldur en það sem þeir sjá á skjáum, í gegnum afþreyingarefni og fréttamiðla, í öryggi hversdagsleikans (Anna Karlsdóttir, 2005). Seaton (1996) segir í grein sinni að myrkvaferðamennska sé oft á tíðum háð hugarheimi ferðamannsins. Telur hann drifkraft ferðamanns sem heimsækir myrka áfangastaði vera löngunina til þess að komast í kynni við dauðann. Hann nefnir í því samhengi ýmsar leiðir til þess að gera slíkt; ferðast til þess að verða vitni að dauðanum, heimsækja staði eftir að dauðsföll hafa átt sér stað, skoða graphýsi og aðra minnisvarða, skoða svæði þar sem stríð hafa átt sér stað og heimsækja söfn sem sýna birtingarmynd dauðans. Líkt og fram hefur komið, telja Bowman og Pezzullo (2010) það ekki svo einfalt að skilgreina myrkvaferðamennsku í einn sérstakan flokk. Telja þau að það megi finna myrkur í öllum tegundum ferðamennsku þrátt fyrir að það sé ekki alltaf sýnilegt ferðamönnum. Getur það til dæmis verið í gegnum viðburði á ákveðnu svæði, líkt og „Dagur hinna dauðu” í Mexíkó eða jafnvel þegar ferðamenn fara í teygjustökk. Þó svo að ferðamaður líti á teygjustökk sem skemmtun, geta aðstæður sem slíkar valdið slysi eða jafnvel dauða. Að því sögðu geta hvatar einstaklinga verið jafn misjafnir og margir eins og ferðamenn eru ólíkir (Bowman & Pezzullo, 2010). Í tilraunum sínum til þess að skilgreina myrkvaferðamennsku frá öðrum tegundum ferðamennsku hafa sumir fræðimenn stillt myrkri og arfleifð upp sem tveimur andstæðum. Bowman og Pezzullo (2010) benda þó á að

slík sé ekki raunin. Hryllingur, dauði og ódæðisverk forfeðra eru ekki fagnaðarefni eða eitthvað sem sumar þjóðir eru stoltar af en er slíkt þó, án nokkurs vafa, partur af arfleifð samfélaga. Ferðalög til suðurríkja Bandaríkjanna stafa til að mynda oft af áhuga á gömlum menningararfi á borð við arkitektúr og matarvenjur. Saga svæðisins er þó einnig lituð af þrælahaldi og kúgun sem er myrkur blettur á sögu og menningu íbúa þess og átti sinn þátt í að skapa þá menningu sem finnst þar í dag. Dauðinn er því óhjákvæmilega hluti af menningararfleifð samtímans. Sama hvaða ástæður liggja að baki ferðalaga einstaklinga þá hafa kröfur ferðamanna breyst í gegnum tíðina. Margir ferðamenn sækja í að kynnst betur þeirri menningu sem áfangastaðurinn býður upp á. Talið er að ástæður þar að baki geti tengst því að nútíma- og tæknivætt líf flestra vestrænna íbúa skilji eftir ákveðið tómarúm. Það tómarúm geta einstaklingar fyllt með því að upplifa eitthvað ósvikið sem má oft finna í menningararfi fjarlæggra svæða í stað þess yfirborðskennda og manngerða sem einkennir afþreyingu hins hversdagslega lífs (Anna Karlsdóttir, 2005).

Tengja má þessar hugmyndir við skrif MacCannell (1999) um að ferðamenn leiti eftir ákveðnum áreiðanleika eða sanngildi (*e. authenticity*) þegar kemur að ferðalögum sínum, sem fengið er í gegnum staðinn sem þeir heimsækja. MacCannell (1973) fjallar um framhlið og bakhlið í þessu samhengi. Í túlkun hans er framhliðin sá staður þar sem ferðamenn og gestgjafar koma saman. Sú hlið er í raun sviðsettur staður sem búinn er til fyrir ferðamenn að neyta. Ferðamenn telja að á bakhliðinni megi finna áreiðanlega menningu (Olsen, 2002). Þar hafa heimamenn þó þann möguleika að draga sig í hlé frá hlutverki sínu sem gestgjafar og er sú hlið því talin hinn hefðbundni hversdagur sem ferðamenn komast ekki í tæri við. Ferðamenn reyna í auknum mæli að komast nær bakhliðinni í gegnum framhliðina, enda ákveðin dulúð yfir því sem á sér stað þegar áhorfendur sjá ekki til (MacCannell, 1973). Leit að sanngildi er, í nútímasamfélagi, oft hvatinn á bak við neyslu ferðamanna. Að mati MacCannell eyðileggur ferðamaðurinn þó hlutverk hins áreiðanlega með nálægð sinni við bakhliðina og gerir hana þar með veraldlega (*e. profane*) (Olsen, 2002).

Hugmyndir MacCannell (1999) voru gagnrýndar að því leyti að ferðamenn séu ekki í leit að áreiðanleika heldur leitast þeir við að prófa eitthvað nýtt og öðlast reynslu á þann hátt. Sneri gagnrýnin að því að sá ferðamaður sem leitar eftir áreiðanleika sé eldri tegund ferðamanna sem þekktist ekki lengur. Þess í stað séu nútímaferðamenn grunnhyggjur og kjósi fremur að upplifa og njóta óraunverulegra atburða. Eric Cohen (1996) telur hvoruga þessara skilgreininga rétta. Hann telur að ekki sé hægt að flokka ferðamenn í eina tegund, vegna þess hversu ólíkir einstaklingar séu og hversu mismunandi upplifanir og langanir þeir hafi. Telur hann kenningar MacCannell og Boorstin þó vera gagnlegar þegar skoða á hvata og hegðun ferðamanna. Cohen bendir á að mikilvægt sé að skoða ferðamenn út frá því menningar- og samfélagslega umhverfi sem þeir koma úr. Samband þeirra við samfélag sitt hefur áhrif á upplifanir og ákvarðanir þeirra.

## 2.3 Tilurð myrkra áfangastaða

Í grein sinni fjallar MacCannell (1973) um svokallaðan sviðsettan áreiðanleika (*e. staged authenticity*). Á hann við að heimamenn setji fram þá hlið sem þeir kjósa af áfangastaðnum. Sanngildinu sem ferðamaðurinn telur að áfangastaðurinn búi yfir er þannig stýrt af heimamönnum sem taka ákvörðun um hvað má sjá, hvenær má sjá og í hvaða formi. Úr verður eins konar lifandi safn eða sýning þar sem ferðamaður telur sig hafa komist í tæri við bakhlið og raunverulegan áreiðanleika áfangastaðar, sem reynist ekki rétt.

Tengja má sanngildi og sviðsettan áreiðanleika við ferðaþjónustu sem byggir á menningararfi og sögu. Ferðalög á myrkar slóðir tengjast oft þeirri sögu sem hefur átt sér stað og gefa fólki möguleika á að upplifa ákveðið sanngildi. Þar er fólki gefinn kostur á að heimsækja og komast í tæri við staði þar sem hörmungar og hryllilegir atburðir hafa átt sér stað (Seaton, 1996). Tarlow (2005) bendir á að myrkir áfangastaðir verði oft á tíðum til fyrir slysní. Á hann þá við að þeir séu ekki markvisst settir upp eða þróaðir sem aðlaðandi áfangastaðir ferðamanna, en hafa þó orðið aðdráttarafl af mörgum ástæðum, til að mynda vegna frægðar, stórslysa eða viðburða. Rekstraraðilar slíkra staða nýta sér oft auknar vinsældir og gera því meira úr framsetningu staðarins. Markaðssetning og kynning staðanna er þá einnig aukin með því markmiði að græða á forvitni ferðamanna.

Á mörgum ferðamannastöðum má sjá sviðsetningu að einhverju leyti (Edensor, 2001). Þar eru yfirleitt ákveðin mynstur sem ferðamenn fylgja og skapa þar með framsetningu sem og iðkun staðarins (Bærenholdt & Haldrup, 2006). Á ýmsum söfnum og í skemmtigörðum er til að mynda oft búið að setja upp ákveðnar leiðbeiningar um hvernig hegðun er við hæfi á staðnum (Edensor, 2001). Framsetning staðar er það sem gerir myrkvaferðamennsku að þeirri tegund sem hún er, en að sama skapi er mikilvægt að átta sig á því að upplifun og iðkun ferðamanna skiptir einnig máli í þessu samhengi (Lennon & Foley, 2000). Þegar ferðamaður iðkar (*e. tourist performance*) stað tekur hann þátt í því umhverfi sem hefur verið sett á svið fyrir hann að sjá (Bowman & Pezzullo, 2010). Þrátt fyrir að staður sé settur fram á ákveðinn hátt, tekur hann samt sem áður mið af þörfum ferðamanna og hversu mikið hann er iðkaður (Edensor, 2001). Framsetning staða snýr því ekki eingöngu að samvinnu heimamanna heldur spilar flæði fólks, heimamanna sem og gesta, auk minninga sem skapast, myndir og hlutir inn í að gera staði að því sem þeir eru (Bærenholdt & Haldrup, 2006). Staður breytist og þróast því eftir þörfum ferðamanna sem getur orðið til þess að erfitt reynist að fullmóta hann, sökum þess að þarfir einstaklinga taka sífelldum breytingum (Edensor, 2001). Áfangastaðir ferðamanna eru með margvíslegum hætti og umhverfi má túlka á mismunandi vegu en þeir einkennast þó allir af hreyfanleika (Bærenholdt & Haldrup, 2006). Því skiptir samspil iðkunar og framsetningar eða sviðsetningar miklu máli þegar skoða á þróun myrkra áfangastaða (Seaton, 1996). Light (2017) bendir til að mynda á að fræðimenn hafi sjaldan átt samtöl við gesti og rekstraraðila myrkra áfangastaða og því sé erfitt að segja til um áhrif framsetningar á upplifun gesta. Hann ítrekar að upplifun sé persónubundin og möguleiki sé á að ferðamenn sem heimsækja myrka staði túlki þá ekki á sama hátt og gert var ráð fyrir af hálfu rekstraraðila.

Söfnum, sýningum og stöðum tengdum dauðanum og harmleikum hefur fjölgað undanfarin ár. Slíkir áfangastaðir eru settir upp með það að markmiði að varðveita minningar fórnarlamba auk þess að vera til fræðslu og/eða afþreyingar. Áhugi ferðamanna fyrir stöðum tengdum dauðanum og hörmungum er að verða sífellt útbreiddari og álitinn sem menningarleg athöfn (Fonseca, Seabra & Silva, 2016). Heimsóknir á söfn og önnur söguleg svæði hafa tengingu við sálfræðilega þörf einstaklinga til að skynja og skilja sögu og sjálfsmynd menningarheima (Anna Karlsdóttir, 2005). Dæmi um slíkar ferðir geta verið heimsóknir í útrýmingar- og þrælkunarbúðir í Austur-Evrópu, Ground Zero minnisvarðann vegna falls Tvíburaturnanna í New York, fyrrum vígvelli Norður-Frakklands og Killing fields í Kambódíu (Fonseca o.fl., 2016).

Samkvæmt Foley og Lennon (1996) hafa fjölmiðlar, kvikmyndir, bækur og auglýsingar ýtt undir áhuga fólks á myrkum stöðum frá því eftir fyrri heimsstyrjöldina. Með aukinni

samskiptatækni gefst möguleiki til þess að sýna atburði og fréttir berast nánast um leið og þeir eiga sér stað. Dauðinn verður einna helst sýnilegastur þar, sem verður til þess að forvitni fólks eykst og það er líklegra til þess að heimsækja þá staði sem þeir sjá á skjáum sínum (Seaton, 1996). Einnig hafa margar kvikmyndir og bækur fjallað um dauðann og hörmungar. Á þann hátt verður hann sýnilegur og endurgerður, sem gerir það að verkum að hann verður fjarlægur okkur. Dæmi um slíka kvikmynd er leikna heimildarmyndin *The Killing Fields* sem frumsýnd var árið 1984. Þar er saga þjóðarmorða í Kambódíu rakin og vakti hún töluverða athygli. Kvikmyndin var tilnefnd til fjölda verðlauna og vann til að mynda til þrenna Óskarsverðlauna ári síðar (Pavilion, 1985, 25. mars). Nútímavæðing og fjölmiðlar hafa að miklu leyti áhrif á áhuga fólks á myrkum stöðum tengdum dauðanum og þjáningum. Afleiðing þessarar tækniþróunar veldur því að ákveðin markaðsvæðing á sér stað á slíkum stöðum og er megintilgangurinn að græða á þeim ferðamönnum sem heimsækja svæðin. Af þeim sökum hafa ýmsar efasemdir vaknað varðandi sanngildi þeirra staða (Foley & Lennon, 1996). Markaðsvæðing áfangastaða ferðamanna dregur úr áreiðanleika þeirra. Aðgangseyrir gefur ferðamönnum tilfinningu fyrir því að staðurinn hafi markvisst verið byggður eða búið sé að eiga við hann í stað þess að vera ósnertur og upprunalegur (Olsen, 2002).

Oft á tíðum hefur verið fjallað um framboð og eftirspurn í tengslum við myrkvaferðmennsku og virðist oft vera misvísandi hvort ræður för. Framboðshliðin vísar til nærveru einstaklinga á myrkum stöðum tengdum dauðanum og hörmungum. Í tengslum við það hafa staðir verið skoðaðir út frá ákveðnu litrófi sem segir til um hversu myrkir staðirnir eru í raun og veru, frá þeim ljósari yfir í þá dekkri. Á ljósasta endanum má finna „dimmar skemmtilegar verksmiðjur“ (e. *dark fun factories*) á borð við ferðalög á slóðir Drakúla í Rúmeníu og „Jack the Ripper“ göngu í London. Á dekksta endanum má til dæmis finna útrýmingarbúðir í Auschwitz og þjóðarmorðin í Kambódíu. Framboðshliðin tekur ekki mismunandi þarfir og reynslu fólks til greina, sem veldur því að skilningur á myrkvaferðamennsku er einfaldaður. Á sumum stöðum áttu atburðir tengdir dauðanum sér raunverulega stað, á meðan aðrir staðir voru markvisst settir á svið, til þess að endurskapa atburði. Til að mynda var minnisvarðinn um helför gyðinga í Berlín markvisst settur á svið á meðan að Auschwitz er áfangastaður sem geymir sögu raunverulegra atburða (Fonseca o.fl., 2016). Á eftirspurnarhliðinni er meira horft til þess hvað laðar fólk að myrkum stöðum. Seaton (1996) bendir til að mynda á að þeir sem heimsækja myrka staði séu að ferðast til þess að komast í kynni við dauðann. Má því segja að eftirspurnin endurspegli hvatir ferðamanna (Biran, Poria & Orien, 2011). Þrátt fyrir að ekki sé ljóst hvort að vaxandi myrkvaferðamennska sé vegna aukins framboðs eða eftirspurnar, er dauðinn vissulega vaxandi afl í nútíma landslagi ferðamennsku (Stone, 2005).

Samkvæmt því sem fram hefur komið hér að ofan gefa fræðin til kynna að framsetning áfangastaða ferðamanna spili hlutverk í upplifun þeirra og túlkun á sanngildi. Upplifun er persónubundin og helst oft á tíðum ekki í hendur við þá upplifun sem rekstraraðilar staða óska eftir að gestir þeirra upplifi. Af þeim ástæðum er vert að kanna hvers vegna íslenskir ferðamenn heimsækja myrka áfangastaði á borð við Killing fields og hvernig þeir upplifa slíka heimsókn. Einnig er áhugavert að skoða hvernig framsetning staðar hefur áhrif á heimsóknina með umfjöllun MacCannell um sanngildið í huga.

### 3 Killing fields

Á árunum 1975-1979, áttu sér stað einir myrkustu atburðir sögunnar þegar um tvær milljónir manna voru myrtar á hrottalegan hátt í Kambódíu. Á þeim tíma var kommúnistaflokkur við völd sem, ásamt fylgjendum hans, þekktist undir viðurnefninu Rauðu khmerarnir (*e. Khmer Rouge*). Hafði þetta gífurleg áhrif á Kambódíu, áhrif sem vara enn í dag (Taylor, 2014, 7. ágúst). Foringi flokksins á þessum tíma hét Pol Pot en hann fæddist inn í fátæka bændafjölskyldu árið 1925. Hann hóf nám í París en stundaði námið illa og var að lokum rekinn úr skólanum. Flutti hann þá aftur til Kambódíu þar sem hann gekk til liðs við kommúnistaflokkinn, sem á þeim tíma var neðanjarðarhreyfing. Kambódía hlaut sjálfstæði frá Frakklandi árið 1954 og varð konungsríki. Nokkrum árum síðar flúði Pol Pot inn í frumskóginn vegna ofsókna af hálfu Norodom Sihanouk sem var prins Kambódíu. Pol Pot var þá orðinn leiðtogi kommúnistaflokksins og kom á fót andspyrnuhreyfingunni Rauðu khmerarnir. Sihanouk prins missti að endingu völd sín árið 1970 vegna hægri hreyfingar kambódíska hersins sem hafði stuðning frá bandaríska hernum. Óvinirnir Sihanouk og Pol Pot, ásamt Rauðu khmerunum, sameinuðu þá krafta sína í von um að ná aftur völdum í landinu. Sama ár réðust Bandaríkjamenn inn í Kambódíu til þess að koma víetnömsku andstæðingum sínum úr herbúðum við landamærin. Það gekk ekki betur en svo að Víetnamarnir gengu til liðs við Rauðu khmerana. Á þessu tímabili gerðu Bandaríkjamenn sprengjuárásir á ýmsa staði í Kambódíu sem ollu því að 150 þúsund manns létu lífið og margir flúðu inn í höfuðborg Kambódíu, Phnom Penh. Í kjölfar þess naut Pol Pot mikilla vinsælda sem hann hafði ekki áður haft. Árið 1975 ríkti mikil spilling og vanhæfni innan ríkisstjórnar Kambódíu og hafði stjórnin misst hernaðarstuðning sinn frá Bandaríkjunum. Varð það til þess að Pol Pot, ásamt fylgjendum sínum, náði Kambódíu á sitt vald og lofaði landinu friði og öllu fögru. Loforðin um frið stóðust hins vegar ekki og framtíðarsýn Pol Pot og Rauðu khmerana fylgdi miklar hörmungar, ofsóknir og dauði meðal menntamanna og annarra „borgaralegra óvina” sem voru taldir andsnúnir hugmyndum flokksins. Flokkurinn hrinti af stað róttækri þjóðfélagsbyltingu og skipuðu þeir fólki sem bjó í Phnom Penh að flytja til landsbyggðarinnar. Var það hluti af hugmyndum leiðtogans sem sneru að því að skapa landbúnaðarsamfélag (Helga Sverrisdóttir, 2002, 22. janúar). Lítið var á bændur sem „gamalt fólk” og þá sem búsettir voru í þéttbýli og taldir gáfaðir sem „nýtt fólk” sem auðveldlega mætti missa sín. Eftirlifendur mundu vel eftir orðum sem Rauðu khmerarnir létu falla: „Að halda þér er enginn ávinningur, að tortíma þér er ekkert tap” (Taylor, 2014, 7. ágúst). Pol Pot lýsti því einnig yfir þegar hann tók við völdum að árið 0 væri runnið upp og að hreinsa ætti samfélagið. Þessar róttæku breytingar fólu í sér að útlendingum var vísað úr landi, kapítalískar hugsjónir, vestræn menning og trúarbrögð voru bönnuð, sjónvarpi og öðrum miðlum var gert að leggja niður starfsemi sína og peningar voru einnig bannaðir. Hvers kyns aðstoð, svo sem læknisaðstoð eða annarskonar aðstoð erlendis frá var afþökkuð. Tveimur milljónum manna, sem búsettar voru í Phnom Penh, var vísað í sveitir og létu um 20 þúsund manns lífið á leið sinni. Fólk var skikkað til þess að þræla á hrísgrjónaökum sem í dag þekkjast undir nafninu *The Choeung Ek Killing Field* (í daglegu tali nefnt Killing fields), vegna þess fjölda fólks sem lést af völdum næringarskorts, sjúkdóma og ofþreytu á svæðinu. Vinnudagar fólks á ökrunum voru langir, eða um 18 klukkustundir og var hverjum einstaklingi úthlutað 180 grömmum af hrísgrjónum á hverjum degi. Ef einhver reyndi að komast undan vinnuskyldum sínum eða afla sér matar á einhvern hátt var sá hinn sami myrtur. Börnum var komið fyrir í svokölluðum barnahúsum þar sem þau voru án foreldra

sinna. Þeim sem töldust vera andsnúnir hugmyndum flokksins var útrýmt, en það voru meðal annars menntamenn, ríkir, læknar, kennarar, aldraðir, sjúkir, lögreglumenn og embættismenn fyrri stjórnar Kambódíu. Fyrrum hermenn voru einnig drepnir, ásamt fjölskyldum þeirra. Að auki var ráðist á einstaklinga af öðrum þjóðernum, til dæmis Víetnama og Kínverja (Helga Sverrisdóttir, 2002, 22. janúar). Börn þeirra sem töldust vera andsnúnir Rauðu khmerunum voru drepin á hrottalegan og ekki síður sorglegan hátt við tré sem kallast *Chankiri Tree*. Þar var þeim lamið í tréð, til þess að geta ekki, síðar meir, hefnt foreldra sinna, á meðan hermenn Pol Pots hlógu án samkenndar (Sawyer, 2018).



Mynd 1 Chankiri Tree.  
(Heimild: The Killing Fields Museum of Cambodia, á.á.)

Þeir sem grunaðir voru um að vera óvinir flokksins voru sendir í S-21 fangelsið, sem í dag kallast *Tuol Sleng Genocide Prison Museum*. S-21 var gamall framhaldsskóli skammt frá hrísgrjónaökrunum (Taylor, 2014, 7. ágúst). Honum var breytt í fangelsi og yfirheyrsluástöðu, þar sem fangar voru yfirheyrðir, pyntaðir og margir hverjir drepnir. Talið er að um 12.300 manns hafi verið haldið í S-21 og aðeins er vitað um sjö manns sem komust lífs af. Bundið var fyrir augu fanganna og þeir keyrðir í troðnum flutningavögnum frá fangelsinu. Þegar komið var á Killing fields voru þeir myrtir á hrottalegan hátt til þess að spara byssukúlur (Marissa, 2018, 7. júlí).

Árið 1979 neyddist Pol Pot loks til að láta völd sín af hendi þegar Víetnamar réðust inn í ríkið. Flestir af Rauðu khmerunum flúðu til Taílands eða til Vestur-Kambódíu. Eftir áratuga árangurslausa baráttu við ríkisstjórnina sundraðist hópur Rauðu khmerana að lokum. Árið 1997 var Pol Pot svo handtekinn af liðsmönnum sínum í Rauðu khmerunum og hann dæmdur í lífstíðarfangelsi. Pol Pot lést ári síðar og fengust því aldrei nægilegar útskýringar á því hvers vegna þessir hræðilegu atburðir áttu sér stað. Eftirlifandi Rauðu khmerarnir neituðu allri ábyrgð á glæpunum þrátt fyrir að hafa verið fundnir sekir um þá (Helga Sverrisdóttir, 2002, 22. janúar).



Killing fields er dæmi um myrkan áfangastað sem verður til fyrir slysi í kjölfar hræðilegra atburða í sögu Kambódíu (Fonseca o.fl., 2016). Þó erfitt sé að segja til um nákvæmlega hversu margir létu lífið í þjóðarmorðunum er talið að um 2 milljónir manna hafi látist, sem var meiri en fjórðungur íbúafjölda Kambódíu. Áhrifa og ummerkja þjóðarmorðanna gætir enn og hafa ýmis landsvæði tengd morðunum orðið að minnismerkjum. Killing fields var breytt í minnisstað aðeins tveimur árum eftir að Pol Pot var steyp af valdastóli og var svæðið þá gert aðgengilegt gestum að skoða. Fyrst um sinn voru það mestmegnis heimamenn sem sóttu svæðið í leit að svörum en í dag er svæðið orðið mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Staðurinn þjónar þeim tilgangi að fræða gesti og heimamenn og minnast þeirra sem létust af völdum Rauðu khmerana. Heimsókn á svæðið getur verið erfið og tilfinningamikil, en býður upp á innsýn í líf þeirra sem létust á ökrunum og þeirra sem frömdu grimmdarverkin. Á svæðinu ganga gestir um með hljóðupptöku þar sem þeim eru sagðar sögur af þeim sem komust lífs af, gæslufólki og aftökumönnum sem tengjast atburðunum á einn eða annan hátt. Þegar gengið er í gegnum svæðið má sjá tæplega 130 fjöldagrafir, bein, tennur, hauskúpum staflað hvor á aðra og leifar af blóðugum fötum í glerlátum. Við inngang svæðisins má svo finna ýmsa matsölustaði og bása sem selja drykki og snarl (Marissa, 2018, 7. júlí).



*Mynd 2 Turn þar sem finna má höfuðkúpur fórnarlamba.  
(Heimild: The Killing Fields Museum of Cambodia, á.á.)*

Hægt er að staðsetja Killing fields á myrkasta enda litrófsins vegna þess hvað átti sér stað á nákvæmlega þessu landsvæði (Fonseca o.fl., 2016). Siðferðislegar spurningar hafa vaknað um það hvort að staður eins og Killing fields, eigi að vera aðgengilegur gestum og hvort að það sé siðferðislega rétt að hagnast á honum, hvort sem um ræðir fræðslu- eða hagnýtt gildi. Rekstraraðilar Killing fields hafa hvatt gesti til að sýna virðingu á meðan á heimsókn sinni stendur. Gestum er ráðlagt að klæða sig á viðeigandi hátt, taka ekki myndir af sér á óviðeigandi stöðum og reykja ekki eða drekka inni á svæðinu. Hluti af framsetningu staðarins er að rekstraraðilar hafa valið að sýna gestum raunverulega mynd og litlu hefur verið breytt. Á sama tíma er sviðsetti áreiðanleikinn þó sá að gestir eru hvattir til þess að haga sér á ákveðinn hátt og ganga eftir leiðbeiningum hljóðupptökunnar. Ásamt því er búið að byggja upp svæði í kringum Killing fields sem gerir það að einhverju leyti meira aðlaðandi fyrir gestina (Marissa, 2018, 7. júlí). Þrátt fyrir að búið sé að gera Killing fields

að áfangastað með tilheyrandi uppbyggingu og stýringu, veitir svæðið tilfinningu fyrir ákveðnu sanngildi og raunveruleika.

## 4 Gögn og aðferðir

Í þessum hluta verður farið yfir þá aðferðafræði sem notuð var við gagnaöflun og greiningu gagna. Rannsókn þessi telst til empirískra félagsvísindalegra rannsókna. Slíkar rannsóknir fela í sér að gögnum er aflað sérstaklega fyrir rannsóknina, fremur en að þær séu byggðar á fyrirliggjandi gögnum (Bryman, 2016). Fjallað verður um rannsóknaraðferðirnar sem stuðst var við, en notaðar voru eigindlegar rannsóknaraðferðir. Því næst verður gerð grein fyrir framkvæmd rannsóknarinnar, viðtölunum og loks greiningu og úrvinnslu gagna.

### 4.1 Rannsóknaraðferð

Í rannsókninni var stuðst við eigindlegar rannsóknaraðferðir í formi viðtala. Um var að ræða tilviksrannsókn þar sem tekin voru sex hálfstöðluð, opin viðtöl (Bryman, 2016). Tilgangur rannsóknarinnar fólst í að skoða tilurð myrkvaferðamennsku og kanna hvernig þessir hörmulegu atburðir sem áttu sér stað í Kambódíu endurspeglu þátt sanngildis í framsetningu staðarins. Einnig fólst hann í því að skoða hvað það er sem laðar fólk að Killing fields í Kambódíu og hverjar upplifanir fólks eru á staðnum. Rannsakendur höfðu kynnt sér fræðilegan grundvöll áður en viðtöl fóru fram til þess að fá heildarsýn á viðfangsefninu ásamt því að styrkja niðurstöður viðtalanna. Ástæða þess að eigindleg rannsóknaraðferð varð fyrir valinu var til þess að öðlast dýpri skilning á upplifunum og viðhorfi þeirra einstaklinga sem hafa heimsótt staðinn. Gögnin voru lýsandi og sett fram með orðum og endurspegluðu viðhorf og reynslu þátttakenda, án þess að varpa ljósi á algildan sannleik. Nálgunin sem rannsóknin var byggð á er grunduð kenning, þar sem eigin kenning var lögð fram út frá þeim gögnum sem aflað var í ferlinu (Bryman, 2016).

### 4.2 Framkvæmd og gagnaöflun

Gagnaöflun fyrir rannsóknina fór fram með tvenns konar hætti; annars vegar höfðu rannsakendur kynnt sér fræðilegan grundvöll á viðfangsefninu og hins vegar fór fram viðtalsrannsókn. Vinna og framkvæmd við verkefnið hófst í nóvember 2019 og tók um fimm mánuði. Stuðst var við markvisst úrtak (*e. purposive sample*) við val á viðmælendum og þurftu einstaklingarnir að uppfylla fyrirframgefnar forsendur sem þóttu mikilvægar fyrir rannsóknina. Grundvallarskilyrðið í þessu tilfelli var að viðmælendur urðu að hafa heimsótt Killing fields í Kambódíu. Tekin voru sex viðtöl til þess að geta öðlast sem mestan skilning á hvötum og upplifunum viðmælenda á heimsókn sinni á Killing fields. Notast var við hálfstöðluð, opin viðtöl og var viðtalsrammi hafður til hliðsjónar. Viðmælendum voru ekki settar of miklar skorður og var því viðtalsramminn hafður sveigjanlegur til þess að gefa þeim svigrúm til að ræða upplifun sína og ástæður ítarlega. Viðtalsramminn innihélt ákveðnar spurningar sem rannsakendur óskuðu svara við. Má þar nefna upplýsingar um bakgrunn viðmælenda og ástæður heimsókna. Einnig var óskað eftir upplifun viðmælenda, væntingum þeirra til heimsóknarinnar og hvaða áhrif heimsóknin hafði á þá (sjá viðauka A).

Þegar kom að því að finna viðmælendur fyrir rannsóknina settu rannsakendur innlegg á Facebook síður sínar ásamt því að setja sama innlegg inn á lokaða Facebook hópinn Heimsfarar. Höfðu þá einstaklingar annað hvort samband í gegnum Facebook eða á uppgefin netföng sem komu fram í innlegginu. Þegar sex viðmælendur höfðu fengist var haft samband við hvern og einn og fundarstaður ákveðinn. Rannsakendum þótti mikilvægt að fá að hitta viðmælendur, fremur en að fá svör við spurningunum í gegnum tölvupóst eða símleiðis. Ástæða þess var að rannsakendur töldu að dýpri og skýrari svör fengjust á þann hátt. Rannsakendur buðu viðmælendum að ákveða fundarstað til þess að tryggja að þeim liði sem best. Viðmælendur höfðu þó allir litlar skoðanir á fundarstaðnum og varð því Askja Náttúrufræðihús Háskóla Íslands fyrir valinu fyrir viðtölin. Viðtölin voru tekin á tímabilinu 23. janúar - 27. febrúar 2020 og voru á bilinu 13 til 50 mínútur að lengd. Í rannsókn þessari var nafnleyndar gætt og voru viðmælendum því gefin dulnefni til þess að gæta fyllsta trúnaðar. Viðmælendur voru eftirfarandi:

Tafla 1 Viðmælendur rannsóknarinnar

Nafn	Aldur	Atvinna / menntun	Tími heimsóknar
Gunnar	30 ára	Sölufulltrúi í Bláa Lóninu	2015
María	42 ára	Ferðamálastofa	2016
Katrín	55 ára	Orkuveita Reykjavíkur	2017
Bríet	33 ára	Er í fæðingarorlofi	Fyrsta heimsókn 2007. Farið oft síðan.
Ólöf	26 ára	Nemi við Háskóla Íslands og í hlutastarfi í fataverslun	2016
Laufey	20 ára	Nemi við Keili og starfar á öldrunarheimili	2019

### 4.3 Greining og úrvinnsla gagna

Viðtölin voru greind með aðferðum grundaðrar kenningar sem felur í sér að viðtölin eru afrituð og greind eins fljótt og auðið er til þess að varpa ljósi á hugleiðingar rannsakenda

sem fyrst (Bryman, 2016). Viðtölin voru tekin upp með samþykki viðmælenda og í lok hvers viðtals voru hugleiðingar rannsakenda varðandi viðtalið og það sem þeim þótti áhugavert skrifað niður. Að því loknu hófst afritun viðtala, þar sem viðtölin voru skrifuð orðrétt upp. Því næst hófst kóðun viðtala. Fyrst var notast við opna kóðun (*e. open coding*) en þar eru þemu afmörkuð með því að skipta viðtölunum upp og þau flokkuð niður eftir þemum. Til þess þarf að merkja texta eða textabrot og því gefið eitthvert heiti til þess að koma betur auga á lykilþema. Þetta er gert til þess að öðlast skilning á merkingu textans. Næst tók við markviss kóðun (*e. selective coding*) þar sem meginþema er valið og á sér þá stað ákveðin samþætting á þemum til þess að ná fram rödd heildarinnar fremur en einstaklinganna. Meginþemað eða rauði þráðurinn í viðtölunum sneri að upplifun og hvötum einstaklinga sem heimsótt hafa Killing fields í Kambódíu, sem kom síðan inn á minni þemu (Bryman, 2016). Minni þemu rannsóknarinnar voru fimm talsins og voru þau eftirfarandi: hvers vegna er verið að heimsækja Killing fields, upplifun, væntingar, áhrif og annað. Rannsakendur gáfu sér síðasta þemað, til þess að draga fram þá þætti sem tilheyrðu ekki neinu öðru þema og við greiningu varð ljóst að það sneri að mestu leyti að sögu- og fræðslugildi staðarins.



## 5 Niðurstöður

Í þessum kafla verða niðurstöður sem fengust við úrvinnslu gagnanna settar fram í þeim tilgangi að varpa ljósi á ástæður að baki heimsókna til Killing fields í Kambódíu, hverjar upplifanir fólks eru af staðnum ásamt því að skoða þátt sanngildis í framsetningu atburðanna sem áttu sér stað á Killing fields. Kaflinn skiptist upp í þau þemu sem talin voru upp hér að ofan, en þau eru eftirfarandi: hvers vegna er verið að heimsækja Killing fields, upplifun, væntingar, áhrif og sögu- og fræðslugildi Killing fields. Fjallað verður ítarlega um hvert og eitt þeirra í hverjum kafla.

Viðmælendur rannsóknarinnar höfðu ólíkan bakgrunn sem gaf rannsakendum breiðari sýn á viðfangsefnið. Upplifðu þeir heimsóknina á mismunandi hátt og allir áttu þeir það sameiginlegt að hafa margt til málanna að leggja.

### 5.1 Ástæður að baki heimsókna á Killing fields

Margar ástæður geta verið fyrir heimsóknum á myrka staði, eins og Killing fields. Gunnar heimsótti Kambódíu árið 2015. Hann hafði verið í útskriftarferð með vinahóp úr skólanum sínum í Taílandi, en ákvað, ásamt vini sínum, að lengja dvöl sína og fara til Kambódíu. Þeir höfðu ekki skipulagt mikið í heimsókn sinni og ákváðu því að leita sér upplýsinga á netinu um hvað væri hægt að gera á svæðinu. Flestar leitarniðurstöður bentu til þess að vert væri að heimsækja Killing fields.

Ólöf heimsótti Killing fields árið 2016 þegar hún fór í heimsreisni ásamt fjórum vinkonum sínum. Hún fór til Asíu á vegum ferðaskrifstofunnar Kilroy en heimsóknin á Killing fields var á eigin vegum. Eftir að hafa leitað sér upplýsinga um hvað væri vert að sjá í Kambódíu var Killing fields ofarlega á lista. Bæði Gunnar og Ólöf nefndu, eftir að hafa leitað sér upplýsinga á netinu um áhugaverða staði í Kambódíu, að Killing fields væri svokallaður „must see” staður.

Laufey fór sömuleiðis á vegum ferðaskrifstofunnar Kilroy til Kambódíu og var heimsóknin á Killing fields einnig á þeirra vegum. Laufey fór ein ásamt hópi annarra ferðamanna sem hún þekkti ekki til og stóð þeim til boða að velja úr mismunandi afþreyingu sem Kilroy bauð upp á. Líkt og hún segir sjálf, völdu flestir í hópnum að heimsækja Killing fields.

Katrín fór í hjólaferð til Asíu árið 2017 á vegum bresku ferðaskrifstofunnar Exodus. Vegna mikils áhuga á sögu og menningu annarra þjóða, þótti henni og eiginmanni hennar þau verða að heimsækja Killing fields.

María var á ferðalagi með fjölskyldu sinni í Asíu árið 2016, en ferðina höfðu þau skipulagt sjálf. Hún ákvað, ásamt eiginmanni sínum og þremur börnum, að heimsækja Killing fields til þess að upplifa eitthvað nýtt og fá nýja sýn á aðra menningarheima.

Bríet fór fyrst til Kambódíu árið 2007 og var hún þá á ferðalagi með vinkonu sinni. Heimsókn þeirra á Killing fields var að einhverju leyti tilviljunarkennd. Þann dag ætluðu þær að skoða höfuðborgina sem leiddi til þess að þær báðu „tuktuk“ bílstjóra um að fara með þær á einhvern áhugaverðan stað. Hann keyrði þá meðal annars með þær á Killing fields. Bríet staldraði ekki lengi við á Íslandi að loknu ferðalagi en einungis ári síðar, í janúar 2008, var hún komin aftur til Kambódíu. Ætlunin var að vera í sjálfboðastarfi í þrjá mánuði en hún ílengdist og fór svo að Bríet bjó í höfuðborginni í um átta ár. Á þeim tíma heimsótti hún Killing fields þó nokkuð oft en hún starfaði meðal annars sem leiðsögumaður fyrir íslenska útskriftarhópa og aðra ferðamenn sem heimsóttu svæðið.

## 5.2 Upplifun

Flestir viðmælendur voru sammála um það að upplifun þeirra af heimsókninni hafi verið þung og erfið, en þó var hún vissulega mis erfið fyrir hvern og einn. Aðspurður segir Gunnar þetta hafa verið rosalega erfitt að sjá og að það hafi verið þungur andi yfir öllu á svæðinu. Hann og vinur hans ræddu það eftir heimsóknina að hún hafi tekið úr þeim alla orku og sat þetta í þeim allan daginn, sem varð til þess að þeir áttu rólegt kvöld. Minntist hann þess að skortur hafi verið á upplýsingagjöf til gesta á svæðinu. Einnig nefndi hann að ekki hafi verið neinar greinilegar gönguleiðir sem einstaklingar áttu að fylgja, heldur virtust allir ráfa um í reiðuleysi. Bætti hann við að ekki hafi verið um beinlínis leiðsögn að ræða heldur var fólk að skoða sig um á eigin vegum, sem er andstæðan við það sem rekstraraðilar Killing fields leggja upp með. Þrátt fyrir að Gunnar hafi ekki munað öll smáatriði sem tengjast svæðinu, þá var upplifun hans á heimsókninni mjög sterk og mundi hann tilfinninguna sem hann hafði af því að vera þarna vel, því í kjölfar sagði hann þetta hafa verið eitt það rosalegasta sem hann hafi upplifað.

Líkt og Gunnari, þótti Laufeyju heimsóknin þung. Hún sagði heimsóknina hafa tekið á og að hún hafi verið í hálfgerðu áfalli eftir hana. Þar hafi hún fengið mikið af nýjum upplýsingum sem hún þurfti að meðtaka sem varð til þess að hún var algjörlega örmagna. Hún talaði um að heimsóknin hafi veitt henni nýja sýn á menningu þeirra sem búa í Kambódíu og hvernig ástandið á svæðinu er. Hún talaði örlítið um það hvaða áhrif stríðið hafði á efnahag landsins og að fátækt væri viðvarandi enn í dag. Það fór ekki framhjá rannsakendum hversu erfið henni þótti heimsóknin þegar hún rifjaði hana upp. Hún talaði um að þrátt fyrir mikla mannmergð hafi skipulag verið gott og lítið annað sem betur mætti fara að hennar mati. Yfir heildina lítið var hún sátt með heimsókn sína á Killing fields og hafði litlu við að bæta.

María talaði, líkt og Laufey, um að ekki væri margt sem hægt væri að gera betur. Að sögn Maríu þótti henni upplifunin þó skrýtin og súrrealísk. Hún talaði um þær andstæður sem þarna mætast, en umhverfi svæðisins býr yfir mikilli náttúrufegurð og á sama tíma eru gestir að skoða fjöldagrafir og höfuðkúpur. Velti hún fyrir sér þeirri staðreynd hvort fallega náttúran hafi hugsanlega áhrif á upplifun fólks og að það geri sér síður grein fyrir alvarleikanum. Ung börn Maríu voru með í för og minntist hún þess að hafa, í upphafi, þótt dvölin á Killing fields auðveldari en hún hafi gert ráð fyrir, líkt og María komst sjálf að orði:

*Ég man alveg að ég hugsaði svona á tímamarki bara: Já! Þetta hérna, þetta er auðveldara en ég hélt. En svo kemur að einum tímamarki og það er þegar*



*við komum að trénu . . . og þá bara brast eitthvað og ég man að ég stóð og tárin bara trilluðu og ég sagði bara við manninn minn, nú get ég ekki útskýrt meir, þú bara verður. Eg fæ nánast ennþá gæsaárið þegar ég hugsa um það sko. Eg gat ekki, ég gat ekki staðið og útskýrt fyrir átta ára gömlu barni hvað hafði gerst þarna og af hverju þetta tré væri svona merkilegt.*

Mariú þótti stærð svæðisins og fjöldi látinna koma sér á óvart þegar hún var komin á staðinn. Henni þótti erfitt að sjá samansafn beina og höfuðkúpa og vita að það var einungis af um það bil 3000 látnum en vita jafnframt að yfir milljón manns var drepin. Hún talaði um að það væri erfitt að átta sig á raunverulegu umfangi morðanna en að allt hafi orðið ýktara þegar hún var komin á svæðið.

Katrínu þótti upplifunin erfið og þung. Það var margt sem fékk á hana en hún gat svo skilið við það að lokinni heimsókn. Talaði hún um að þrátt fyrir að henni hafi þótt sagan sorgleg þá sé staðreyndin hins vegar sú að þessir hlutir gerðust og það fái því ekkert breytt. Henni þótti ótrúlegt að sjá að á Killing fields væri hægt að sjá raunverulega framsetningu á illsku mannsins.

Ólöfu þótti framsetningin óraunveruleg og leið eins og að atburðirnir hefðu ekki átt sér stað. Skortur á alvarleika var Ólöfu efst í huga þegar hún var spurð út í hvort eitthvað mætti betur fara sem við kemur svæðinu sjálfu. Hún átti erfitt með að koma því nákvæmlega í orð hvaða tilfinningar hún upplifði. Hún talaði um að henni hafi þótt atburðirnir fjarlægir sér og að hún tengdi ekki við þá. Oft á tíðum þótti henni sem hún gæti ekki gert greinarmun á því hvort um væri að ræða áfangastað með þann tilgang að skemmta fólki eða fræða það um þá hræðilegu atburði sem áttu sér stað. Sagðist hún hafa séð fjölskyldur, oft með ung börn í för með sér, sem virtust skemmta sér á Killing fields og halda svo áhyggjulaus áfram með dag sinn. Hún nefndi þó að þegar hún hafi séð ákveðin svæði á staðnum, líkt og blóðblett í einu horni, hafi hún áttað sig á því að sagan væri raunveruleg. Sama á við um *Chankiri Tree* tréð þar sem börn voru drepin, þar brotnaði hún niður og grét. Hún lýsti því hversu hræðilegt henni hafi þótt að sjá tréð og hvernig hrollur umlykur hana enn þann dag í dag þegar hún rifjar þetta upp. Þá velti hún fyrir sér siðferðislegu sjónarhorni staðarins og hvort hann ætti að vera opinn almenningi til skoðunar, sérstaklega í ljósi þess hversu nýlega þetta gerðist. Henni þótti allra helst mega vera strangari reglur á svæðinu, til að mynda varðandi myndatökur og hvort viðeigandi væri að leyfa þær á öllu svæðinu eða einungis hluta þess. Einnig þótti henni þurfa að gera skýrari grein fyrir því fyrir hvað staðurinn stendur. Hún átti ekki erfitt með að skilja við heimsóknina, hrista þetta af sér og halda áfram ferðalagi sínu, líkt og Katrín. Hún velti því einnig fyrir sér hvort hún hafi hugsanlega lokað á einhverjar tilfinningar eða upplifun á staðnum, vegna þess hve ótrúverðugir henni þóttu þessir atburðir.

Í viðtalinu við Brieti komu bæði fram upplifun hennar frá fyrstu heimsókn á Killing fields sem og upplifanir úr síðari heimsóknum frá því að hún bjó í höfuðborginni. Aðspurð um sína fyrstu heimsókn, árið 2007, minntist Briet þess að dagurinn hafi verið þungur og skrýtinn og að í lok hans hafi hún verið uppgefin á sálinni. Hún og vinkona hennar hafi því frekar kosið að eyða kvöldinu á hótélherbergi sínu en að fara eitthvert út að njóta lífsins. Á þeim tíma voru aðstaðan og innviðir á svæðinu ekki miklir en til að mynda var ekki boðið upp á hljóðleiðsögn. Talaði Briet um að sökum þess hafi henni fundist hún verða að ímynda sér allt saman og tók sem dæmi að hún hafi staðið við fjöldagröf án þess að skilja nákvæmlega á hvað hún var að horfa. Briet rifjaði einnig upp hvernig fátæk börn sem voru á svæðinu reyndu að betla pening af gestum höfðu áhrif á hana og sér í lagi eftir að hafa skoðað tréð

sem börn voru drepin við. Vildi hún meina að upplifunin hafi ekki verið jafn sterk og hún væri í dag þar sem upplýsingagjöfin hafi verið lakari. Að hennar sögn, er búið að laga og bæta margt á svæðinu í dag. Áður voru hvorki salernisaðstaða né veitingar á svæðinu. Nú getur fólk aftur á móti valið á milli ýmissa veitingasöluaðila fyrir utan svæðið, keypt sér ís og drykki og gestir fá meira að segja regnhlífur ef rignir. Bætti hún því við að ekki væri margt sem kæmi upp í hugann sem mætti bæta nú í seinni tíð, nema mögulega að halda tölu yfir fjölda gesta sem heimsækja svæðið. Vissulega séu miðar seldir inn á svæðið og einhver skráning eigi sér stað, en hún sé þó öll á pappírnum og þau gögn ekki færð yfir í tölvukerfi. Bríet bætti við að óviðeigandi klæðnaður gesta hafi stundum vakið athygli hennar. Hún tók dæmi um að hafa séð unga menntaskólanema ganga fáklædda, jafnvel á sundfötum, um svæðið sem henni þótti óviðeigandi og ekki sýna nægilega virðingu í garð heimamanna. Til þess að fá því breytt yrðu rekstraraðilar Killing fields að setja skýrari reglur um slíkt. Upplifun Bríetar breyttist því töluvert eftir því sem hún heimsótti Killing fields oftar. Hún þekkti orðið meira til sögunnar, svæðisins og eftirkasta stríðsins heldur en hún gerði þegar hún fór í fyrstu heimsóknina. Þrátt fyrir það talaði hún um að hafa alltaf tárast á einhverjum tímamarki í hvert skipti sem hún fór um svæðið og tengdi það sömuleiðis við að upplifa tilfinningar þeirra gesta sem hún var að fylgja um Killing fields. Að hennar sögn var upplifun hvers og eins persónuleg og þrátt fyrir að öllum hennar gestum hafi þótt hún erfið, vildi Bríet meina að það séu mismunandi þættir sem hafa hvað mest áhrif á hvern og einn. Tónlistin sem spiluð er á upptökunni hreyfir hugsanlega meira við tónelskandi gestum en öðrum og foreldrum sem hafa skilið börnin eftir heima þykir þá erfiðara að lesa um og horfa á tréð. Eitt sem Bríeti þótti að allir hennar viðskiptavinir höfðu átt sameiginlegt var að það var alltaf þögn í rútunni að lokinni heimsókn.

## 5.3 Væntingar

María hafði kynnt sér sögu Killing fields örlítið áður en hún og fjölskylda hennar lögðu af stað í ferðalag sitt. Taldi María þær væntingar sem hún hafði vera þær sem hún upplifði. Ekki var mikið sem kom henni á óvart og í raun hafði hún ekki átt von á einhverju allt öðru þegar á hólminn var komið. Allra helst átti hún þó von á því að allt yrði ýktara þegar á svæðið var komið og talaði um að milljón manns á plani væri allt annað en milljón manns á blaði.

Ólöf hafði aðra sögu að segja en María, þar sem hún hafði í rauninni ekkert kynnt sér söguna. Það eina sem hún vissi um Killing fields var að þarna væri einhver hræðilegur staður sem yrði að heimsækja og að þar væri frægt tré þar sem börn höfðu verið drepin. Þessar upplýsingar hafði hún frá vinkonu sinni sem var með henni á ferðalaginu. Það kom henni á óvart að hún hafði hvorki heyrt um söguna né ástæður þjóðarmordanna fyrr en hún kom til Kambódíu. Ólöf nefndi að hún hafi verið á báðum áttum með það hvort svæðið ætti að vera aðgengilegt almenningi sem ákveðin afþreying eða ekki.

Líkt og áður sagði, hefur Katrín mikinn áhuga á sögu og menningu annarra þjóða, og hefur hún því áður heimsótt staði, aðra en Killing fields, þar sem hörmungar og dauði koma við sögu. Hún hafði kynnt sér sögu svæðisins að einhverju leyti fyrir heimsókn sína ásamt því að hafa lært um hana í námi sínu. Þær hörmungar sem blöstu við henni á Killing fields komu henni lítið á óvart og voru í raun það sem hún átti von á, þó svo að þær hafi ekki setið í henni restina af ferðinni. Þrátt fyrir það, bætir hún við að hún væri ekki viss um að viðkvæmir einstaklingar myndu fá eitthvað út úr heimsókn á svæðið annað en vanlíðan.

Áður en Laufey hélt af stað til Kambódíu hafði hún ekkert heyrt um þá atburði sem áttu sér stað á Killing fields, en eftir að hafa séð að heimsóknin væri á dagskrá Kilroy ákvað hún að lesa sér aðeins til um hana. Hún átti von á hefðbundinni leiðsögn um svæðið þar sem leiðsögumaður myndi segja frá sögu svæðisins. Þegar á staðinn var komið var upplifunin aftur á móti önnur. Það kom henni á óvart að það væri jafn margt að skoða og raun bar vitni en til að mynda voru ýmis pyntingartæki, fataleifar og höfuðkúpur enn á sínum stað og ekki hafði verið hreyft við neinu. Allir þessir munir og tæki voru vel varðveitt sem var þvert á það sem hún vænti. Henni þótti einnig leiðsögumenn á svæðinu vel upplýstir og fróðir ásamt því að vera tilbúnir að svara öllum þeim spurningum og vangaveltum sem hún og forvitnir ferðamenn á svæðinu höfðu.

Áður en Gunnar lagði af stað í ferðalag sitt hafði hann ekkert kynnt sér sögu Killing fields. Þegar hann kom til Kambódíu höfðu hann og vinur hans í raun lítið fyrir stafni og fóru þeir því að leita sér upplýsinga á netinu um hvað þeir gætu gert á svæðinu. Allar leitarniðurstöður nefndu Killing fields sem eitt af því helsta sem sjá þyrfti í höfuðborginni. Hann hafði litlar sem engar væntingar til staðarins, enda þekkti hann ekki til sögunnar né staðarins. Það sem Gunnar taldi að hafi kveikt áhugann örlítið meira, var að þeir heimsóttu S-21 fangelsið fyrr þann sama dag og þótti honum því að sú heimsókn hafi að einhverju leyti upphafið heimsóknina á Killing fields.

Sú mikla þekking og fróðleikur sem Bríet hefur sankað að sér í gegnum árin um Killing fields og sögu Kambódíu var ekki til staðar þegar hún heimsótti Kambódíu fyrst. Þegar hún lagði af stað í sitt fyrsta ferðalag til Kambódíu, ung og eirðarlaus, vissi hún ekkert um Killing fields og þá atburði sem átt höfðu sér stað þar fyrir um 40 árum. Væntingar hennar fyrir heimsókninni voru því litlar sem engar. Aðstandandi hennar hafði, fyrir ferðalagið, að vísu nefnt stríðið og að ástandið í Kambódíu væri hugsanlega ekki öruggt sem stoppaði þær vinkonur þó ekki.

## 5.4 Áhrif

Aðspurð hvort heimsóknin á Killing fields hafi haft áhrif á sig svaraði Laufey því játandi. Henni þykir hún bera meiri virðingu fyrir menningunni og heimamönnum vitandi sögu staðarins. Til að mynda keypti hún sér bækur um Killing fields í þeim tilgangi að fræðast meira um söguna. Þegar hún rifjaði upp ferðalag sitt til Asíu sagði hún að heimsóknin hafi verið sérstaklega erfíð. Hún var staðráðin í því að vilja heimsækja Killing fields aftur ef leið hennar liggur til Kambódíu í framtíðinni, til þess að sjá hvort einhverjar breytingar og uppbygging hafi átt sér stað. Talaði hún sömuleiðis um að henni þyki þetta nauðsynleg heimsókn ef fólk á leið um Kambódíu vegna þess hversu mikilvægt fræðilegt gildi Killing fields er að hennar mati og taldi hún alla þurfa að þekkja þessa sögu.

Gunnar taldi heimsóknina hafa minni áhrif á sig nú en hún gerði á þeim tíma sem hann var í Kambódíu. Þegar hann hugsaði til baka til ferðarinnar sat heimsóknin þó að einhverju leyti í honum og talaði hann um í því samhengi að finnast það ákveðið högg að vita til þess hversu illt fólk getur verið. Í framhaldi talaði hann um hversu dýrmætt frelsi manns er og að það þurfi að gæta þess að einstaklingar eins og Pol Pot og hans flokkur komist ekki til valda. Hann hefði áhuga á að heimsækja Killing fields aftur ef hann færi aftur til Kambódíu til þess að rifja söguna upp og sjá hvort einhverjar breytingar hafi orðið á svæðinu. Hann bætti við

að ef einstaklingar ferðist til Kambódíu sé Killing fields hiklaust staður sem þarft er að heimsækja en sé þó ekki fyrir alla þar sem heimsóknin muni að öllum líkindum taka á.

Katrín sagði áhrifin hafa verið meiri þegar hún var á svæðinu, líkt og Gunnar nefndi. Hún átti auðvelt með að skilja við þetta að lokinni heimsókn og halda áfram ferðalagi sínu. Aðspurð hvort hún myndi vilja fara aftur svaraði hún því játandi. Nú þekki hún söguna enn betur og nefnir að það séu ákveðnir staðir á svæðinu sem hún myndi vilja skoða betur með öðru sjónarhorni, sem henni þótti hún ekki ná að meðtaka almennilega síðast. Hún var óviss hvort hún myndi endilega mæla með fyrir aðra að heimsækja Killing fields; að slík heimsókn væri vissulega fyrir einhverja en þó ekki alla. Hún bætti við að hún sé að einhverju leyti vanari að heimsækja óhefðbundna staði sem geyma myrkar sögur en margir aðrir ferðamenn og að það gæti verið ástæðan fyrir því að þetta hafi ekki setið jafn fast í henni, líkt og það gerir hjá mörgum öðrum.

Aðspurð hvort heimsóknin á Killing fields hafi haft áhrif sagðist Ólöf vera óviss. Hún líkti heimsókninni við að horfa á sorglega bíómynd á þann hátt að þegar myndin er búin sitji hún ekkert voðalega fast í manni. Bætti hún því við: „. . . eins asnalegt og það er að segja það þá hafði þetta ekkert rosaleg ááá [áhrif] . . .”. Ólöf minntist á að áhrif heimsóknarinnar hafi á þeim tíma verið lítil vegna þess hversu óraunverulegir henni þóttu atburðirnir. Sagði hún frá því hvernig henni hafi þótt hún einfaldlega vera að lesa einhverja sögu sem ætti sér ekki stöð í raunveruleikanum. Eftir á að hyggja hafi hún að vísu áttað sig á því að um raunverulega atburði og fólk væri að ræða sem breytti hugsun hennar um Killing fields. Í framhaldi tók hún dæmi um að hún hafi tekið mynd af sér og vinkonum sínum brosandí á svæðinu í upphafi dags og birt hana á Facebook, en skömmu síðar eytt henni af þeim sökum að henni þótti óviðeigandi að birta slíka mynd. Hún sagði að heimsóknin og það sem hún lærði í henni hafi gert hana meðvitaðri um að ekki allt sem eigi sér stað í heiminum komi fram í fréttum. Að því leyti hefur það breytt viðhorfi hennar gagnvart öðrum þjóðum og að þegar öllu sé á botninn hvolft viti maður í rauninni lítið.

María talaði um að áhrifin hafi verið mikil og að hún fái enn gæsa húð þegar hún rifjar heimsóknina upp, líkt og hún lýsti: „En þó ekki á þann hátt að mér finnist það eitthvað svona, ef ég leyfi mér að sletta, rosa „traumatizing” heldur bara ofboðslega lærdómsríkt”. Henni þótti magnað hvað þessi saga er nýleg og að það hafi setið í henni. Í því samhengi bætti hún við að börnin hennar hafi haft ýmsar spurningar eftir heimsóknina og hafi verið skelkuð yfir því að einstaklingar sem tóku þátt í þessu gætu í dag verið þegnar í samfélaginu, vegna þess að ekki allir gerendur voru ákærðir fyrir brot sín. Þær vangaveltur ýttu undir hversu raunveruleg þeim þótti atburðarrásin sem átti sér stað á Killing fields á sínum tíma. Umræðan innan fjölskyldunnar um heimsóknina hefur haldist lifandi lengur en um nokkuð annað safn eða stað sem þau hafa heimsótt áður. Aftur á móti bætti hún við:

*Þetta hefur auðvitað bara rosaleg áhrif á mann og maður svona tekur það með sér, en svo held ég líka bara að það sé svolítið undir manni sjálfum komið, þú veist, hvernig maður vinnur með það, hvort maður vilji bara einhvern veginn missa sig í „horrornum” eða reyna setja þetta í stærra sögulegt samhengi.*

Aðspurð hvort hún myndi heimsækja Killing fields aftur eða mæla með staðnum fyrir aðra, þá svaraði hún að hún myndi ekki vilja fara aftur í annað sinn en myndi vilja upplifa þetta aftur í fyrsta sinn. Hvað heimsóknir fyrir aðra varðar sagðist hún mæla með því en að slík

heimsókn væri þó ekki fyrir alla og að þeir sem teldu sig ekki ráða við slíka heimsókn skyldu sleppa henni.

Bríet sagði fyrstu heimsókn sína til Killing fields hafa verið eina af ástæðum þess að hún fluttist til Kambódíu síðar meir og dvaldi þar í átta ár. Þegar hún kom þangað fyrst vissi hún lítið sem ekkert um hvað hafði átt sér stað og sagði það magnað að sjá illsku mannsins svona ljóslifandi. Vegna þess hversu lengi hún bjó í höfuðborginni og hversu oft hún heimsótti Killing fields taldi hún upplifun sína hugsanlega vera öðruvísi en annarra gesta. Hún kynntist fólki sem ýmist hafði verið haldið nauðugu á Killing fields á stríðsárunum og einnig sem starfað hafði á Killing fields eftir að stríðinu lauk. Höfðu þeir einstaklingar því persónulega tengingu við staðinn og lýsir hún því svo að: „það náttúrulega hefur alveg djúpstæð áhrif á mann, maður tekur ekki samböndum sínum einhvern vegin sjálfsögðum og maður lærir að meta kannski fjölskylduna sína öðruvísi“. Þrátt fyrir þau áhrif sem þetta hafði á hana ber hún það ekki með sér í sínu hversdagslífi eftir að hún flutti til baka til Íslands. Hún nefndi að sér þætti hún ekki þurfa að fara aftur á Killing fields, nema þá síðar með dóttur sína. Aðspurð hvort Bríet myndi mæla með heimsókn á staðinn fyrir aðra svarar hún:

*Já, algjörlega, ef þú ferð til Phnom Penh að þá finnst mér að þú eigir að fara því eins og ég segi og búin að segja oft er þetta partur af mjög mikilvægri sögu þarna og mikilvægt að gleyma ekki. Maður sér bara einhvern veginn mannlífið öðruvísi, þú sérð ákveðin sár og maður heyrir einhvern veginn tóninn öðruvísi í fólki og það situr eitthvað eftir.*

## 5.5 Sögu- og fræðslugildi Killing fields

Ljóst varð við greiningu viðtalanna að sögu- og fræðslugildi áfangastaðarins kom fram í útskýringum viðmælendanna en rannsakendur höfðu ekki lagt upp með slíkt þema í upphafi rannsókna.

Mariú þótti heimsóknin í heild sinni ofboðslega lærdómsrík. Henni þótti megintilgangur staðarins þó ekki vera að fræða ferðamenn sem leggja leið sína til Killing fields. Að hennar mati reyndist upplýsingagjöf frekar vera byggð á að miðla staðreyndum fremur en að veita fræðslu um sögu staðarins og þjóðarinnar. Hvernig sem fræðslunni er miðlað, þá þótti Ólöfu að grundvöllur heimsókna á stað sem þennan skuli vera vegna fræðilegs gildis og að gestir skuli frekar fara á þeim forsendum, en ekki einungis í afþreyingarskyni. Katrín tók í sama streng og talaði um mikilvægi þess að kynna sér sögu staðarins áður en þangað er komið svo betur megi meðtaka þær upplýsingar sem veittar eru á Killing fields.

Laufey lýsti því að fræðslugildi staðarins hafi verið mikið, vegna allra þeirra upplýsinga sem veittar voru auk skilta sem stóðu víðsvegar um svæðið. Þar að auki þótti henni heimamenn á svæðinu og þar í kring tilbúnir að fræða ferðamenn sem höfðu einhverjar spurningar. Laufey lét heimsóknina þó ekki duga, þar sem hún keypti bækur um sögu atburðanna á leið sinni frá Killing fields til þess að fræðast meira um þá. Það skiptir hana miklu máli að aðrir einstaklingar fræðist einnig, og að jafnvel megi kenna söguna í framhaldsskóla hér á landi sem og annars staðar. Að sögn Bríetar var þjóðarmorðunum lengi vel haldið leyndum líkt og þau hafi verið strokuð út úr sögu Kambódíu. Talaði hún því um mikilvægi þess að veita gestum aðgang að Killing fields og að markmið rekstraraðilanna væri að varðveita sögu staðarins og fræða þá sem heimsækja hann.



## 6 Umræður og ályktanir

Meginmarkmið rannsóknarinnar var þríþætt. Í fyrsta lagi voru ástæður ferðalaga á myrka áfangastaði skoðaðar. Í öðru lagi var ljósi varpað á hvað dró viðmælendur á Killing fields og hverjar upplifanir þeirra voru. Í þriðja lagi var þáttur sanngildis skoðaður í tengslum við framsetninguna á Killing fields. Í þessum hluta verða vangaveltur rannsakennda fléttaðar saman við svör viðmælenda og fræðilega umfjöllun. Að lokum verður ályktað um niðurstöður rannsóknarinnar í ljósi þeirra rannsóknarspurninga sem varpað var fram í upphafi.

Myrkvaferðamennska er ekki nýtt fyrirbrigði, en lítið hefur þó verið um að fræðimenn rannsaki upplifanir og hvata einstaklinga sem heimsækja slíka staði. Rannsakendum þótti áhugavert að kanna tilurð myrkvaferðamennsku frekar og skoða hvers vegna slíkir staðir verða aðdráttarafl ferðamanna. Rannsakendur töldu því sögur einstaklinga sem heimsótt hafa Killing fields í Kambódíu geta veitt dýpri skilning á viðfangsefninu. Forvitnilegt er að leiða hugann að því hvers vegna einstaklingar kjósi að heimsækja staði sem geta vakið óhug og vanlíðan, umfram það að heimsækja staði sem veita ánægju og vellíðan. Hvers vegna virðist þetta vera spennandi valkostur í nútíma samfélagi?

Fræðimenn hafa í gegnum tíðina reynt að móta sínar kenningar um hugtakið myrkvaferðamennska, ásamt því að reyna að komast nær því hvað það er sem dregur ferðamenn að myrkum áfangastöðum. Myrkvaferðamennska hefur verið skilgreind sem heimsóknir fólks á svæði sem geyma sögu og minningar tengdar dauðanum, hörmungum og grimmdarverkum (Stone, 2005). Þeir atburðir sem áttu sér stað á Killing fields á áttunda áratug síðustu aldar hafa án alls efa orðið til þess að staðurinn hefur orðið að myrkum áfangastað. Erfitt getur þó reynst að skilgreina hugtakið og tilurð þess á einfaldan hátt (Stone & Sharples, 2008). Þótti rannsakendum því áhugavert að velta fyrir sér, með tilliti til þeirra skilgreininga sem fræðimenn hafa lagt fram, við hvað er raunverulega átt með hugtakinu myrkvaferðamennska. Viðfangsefnið myrkvaferðamennska er flókið og umfangsmikið og því getur verið erfitt að ná utan um það. Velta má fyrir sér hvort að hugtakið sé þekkt utan fræðasamfélagsins? Hvort fólk dragi almennt sömu mynd af því að fara í göngu helgaða „Jack the Ripper” og þess að fara í útrýmingarþúðir á borð við Auschwitz? Hveru tveggja telst sem myrkur áfangastaður þrátt fyrir að vera á sitt hvorum enda litrófsins. Þrátt fyrir að hinn almenni borgari geri greinarmun á upplifun sinni og tilgangi hvors staðar fyrir sig, er spurning hvort hann átti sig á að hugtakið myrkvaferðamennska eigi við um báða staði.

Líkt og bent hefur verið á hér að ofan, hefur verið fjallað um skort á rannsóknum á upplifunum ferðamanna á myrkum áfangastöðum innan fræðasamfélagsins (Stone 2005; Martini & Buda, 2018). Við vinnslu þessarar rannsóknar varð fljótt ljóst að rannsakendur eru sammála þeim staðhæfingum. Rannsóknin var umfangslítill en þrátt fyrir það var auðsýnilegt hversu persónulegar og ólíkar upplifanir fólks voru og að ástæður að baki ferðalaga á myrkar slóðir gátu verið margskonar. Fræðimenn hafa keppt við að flokka áfangastaði og tegundir ferðalaga. Rannsakendur eru á því máli að ekki sé hægt að skilgreina og flokka jafn huglægt mat og upplifun er. Má rekja þá skoðun til þess hversu ólíkar upplifanir viðmælendanna voru, þrátt fyrir að vissir þættir og atburðir hafi vakið hjá þeim

svipaðar tilfinningar. Einnig er vert að benda á að fyrri reynsla einstaklinganna af myrkum áfangastöðum getur hugsanlega haft áhrif á það hvernig upplifanir af Killing fields voru.

Að mati rannsakenda getur túlkun á sanngildi, líkt og reynsla og upplifun, verið mismunandi. Ljóst er að hver og einn ferðamaður hefur einhvern tilgang með ferðalagi sínu, hver svo sem sá tilgangur er. Flestir eru því væntanlega að uppfylla einhverja þörf eða vilja fá ánægju út úr sínu ferðalagi. Einhverjum gæti þótt ákveðið sanngildi fólgið í því að heimsækja stað á borð við Killing fields að því leyti að viðkomandi kemst nær menningu þjóðarinnar og fær að sjá raunverulega birtingarmynd hans. Öðrum ferðamanni gæti aftur á móti þótt framsetning Killing fields óraunveruleg sökum þess hversu fjarlæg hún er, og að því leyti ekki fundið ákveðið sanngildi í því að heimsækja staðinn. Því veltur sanngildið, að mati rannsakenda, til að mynda á upplifun, fyrri reynslu og hugsjónum ferðamanna. Þeir fræðimenn sem þó hafa rannsakað myrkvaferðamennsku hafa, líkt og Light (2017) bendir á, oft á tíðum ekki átt samtöl við gesti slíkra staða né rekstraraðila þeirra. Rannsakendur telja að þeir fræðimenn sem ekki heimsækja þá myrku staði sem þeir eru að rannsaka, fái ekki nægilega djúpan skilning á stöðunum sjálfum og menningu þeirra. Katrín nefndi að fyrri ferðalög hennar hafi oft verið á óhefðbundna staði og að hún hafi heimsótt aðra myrka staði áður en hún fór á Killing fields. Þó svo að henni hafi þótt heimsóknin þung var lítið sem kom henni á óvart. Gunnar fjallaði aftur á móti um að hafa orðið fyrir hálfgerðu áfalli í sinni heimsókn. Reynsla hans af myrkum atburðum var lítil sem engin og því geta rannsakendur skilið að upplýsingarnar sem fengnar voru á Killing fields, og þeir munir sem þar eru til sýnis, hafi vakið upp erfiðar tilfinningar. Rannsakendur leiða þó hugann að því hvort heimsókn Gunnars í S-21 fangelsið sem farin var fyrr um daginn, hafi mögulega dregið úr áfallinu við komuna á Killing fields. Hvort það sé möguleiki að Gunnar muni skýrt eftir tilfinningunni sem hann tengir við heimsóknina en að mesta áfallið hafi komið fyrr þann dag. Vakna því spurningar um það hvort hægt sé að setja upplifun allra einstaklinganna í heild sinni undir sama hattinn. Velta rannsakendur því upp þeirri hugmynd hvort að ítrekaðar heimsóknir á framandi staði geti mögulega dregið úr sanngildi staða, eða jafnvel dregið úr tilfinningu og löngun í sanngildi. Líkt og Light (2017) nefnir geta ferðamenn túlkað myrkan stað á annan, frábrugðinn hátt en þann sem rekstraraðilar staðarins höfðu áætlanir um. Að mati rannsakenda er eðli viðfangsefnisins þó slíkt að nauðsynlegt sé að huga að mannlega þættinum og eru hugmyndir Light því jafnvel of einfaldar. Munurinn á túlkun á ekki eingöngu við milli gesta og rekstraraðila, heldur getur túlkun einnig verið mismunandi meðal gestanna sjálfra. Að mati rannsakenda er nauðsynlegt að hafa upplifanir fólks til hliðsjónar. Þó svo að þeim sé lýst á mismunandi máta geta þær verið svipaðar. Jafnframt geta einstaklingar lýst upplifun sinni á svipaðan hátt en lagt mismunandi merkingu í þau lýsingarorð sem notuð eru.

Fræðimenn hafa talað um mismunandi ástæður þess að fara á myrkar slóðir (Foley & Lennon, 1996; Stone, 2006; Stone & Sharpley, 2008). Ástæður að baki ferðalags hvers og eins viðmælanda voru ólíkar og má segja að öll hafi þau verið í mismunandi erindagjörðum. Katrín er til að mynda mannfræðingur með áhuga á mannlegri hegðun og sögu. Má því telja að menntun hennar hafi haft áhrif á ákvörðun hennar að heimsækja staðinn. Líkt og áður hefur komið fram er talið að ástæður heimsókna á myrka staði tengist ekki áreiðanleika heldur einungis lönguninni í nýjar upplifanir. Má því segja að hægt sé að yfirfæra þær hugmyndir á Gunnar og Ólöfu þar sem að báðir viðmælendur lögðu upp með að fara í skemmtiferð og varð heimsóknin á Killing fields fyrir valinu sem afþreying dagsins. Sé lítið til hugmynda Foley og Lennon (1996) um aukna birtingarmynd dauða og hryllings í daglegu lífi vestrænna menningarþjóða má íhuga hvort dauðinn sé orðinn Gunnari og Ólöfu svo



eðlislægur að þau hafi ekki gert sér almennilega grein fyrir alvarleika málsins þegar þau ákváðu að heimsækja Killing fields. Orð Önnu Karlsdóttur (2005) um að ástæður ferðalaga hafi tengingu við sálfræðilega þörf einstaklinga til að skilja og skynja sögu og sjálfsmynd menningarheima eiga ekki alltaf við. Ljóst var að ástæður fæstra viðmælenda snerust um það nema í tilfellum Laufeyjar og Brietar. Þær höfðu þörf fyrir að upplifa eitthvað nýtt í lífinu og komast í nánd við annan menningarheim. Mætti því segja að þær hafi hugsanlega verið ómeðvitað í leit að sanngildi til að fylla eitthvert tómarúm sem skipast hafi lífi þeirra (Anna Karlsdóttir, 2005). Af þessu má einnig sjá að hugmyndir Stone og Sharpley (2008) um að ferðalög á myrkar slóðir séu til þess að svara spurningum um dauðann og sættast við eigin dauða séu ekki algildar. Telja þeir einnig að ástæður að baki heimsókna á myrka staði geti orsakast vegna ýmissa þátta, meðal annars vegna löngunar í nýja þekkingu. Ekki verður um það villst að viðmælendur þessarar rannsóknar voru allir á því máli að auka mætti almenna fræðslu um sögu Killing fields. Telja þeir mikilvægt að slík saga gleymist ekki svo hún verði ekki endurtekin. María og Briet lögðu áherslu á að ekki mætti láta heimsókn á stað á borð við Killing fields hafa langvarandi áhrif þannig að erfðar tilfinningar heltaki ekki einstaklinginn. Slæmir atburðir eiga sér stað víðsvegar í heiminum og mikilvægt er að einstaklingar sem heimsækja slíka staði sökkvi sér ekki of djúpt í þá atburði.

Athygli vakti að Ólöf var ein á því máli að hafa þótt þeir munir sem hún sá á Killing fields óraunverulegir. Lýsti hún því svo að henni hafi þótt hún vera að ganga í gegnum vettvang skáldsögu og að það hafi ekki verið fyrr en einhverju síðar sem hún áttaði sig á alvarleika málsins. Velta rannsakendur því fyrir sér hvort henni hafi þótt erfitt að meðtaka það sem hún sá og hafi þar af leiðandi ósjálfrátt skapað ákveðna fjarlægð við staðinn til þess að hlífa sér. Sömuleiðis velta rannsakendur því upp hvort umhverfið hafi spilað hlutverk í þessum hugmyndum hennar, í ljósi þess að María nefndi að Killing fields sé umkringgt fallettri náttúru. Því gæti verið svo að Ólöfu hafi ekki þótt staðurinn falla inn í þetta umhverfi (*e. out of place*). Spurningar vakna því um það hvort að myrkur staður, líkt og Killing fields, hæfi betur í dimmu og drungalegu umhverfi. Að mati rannsakenda er náttúrufegurð Kambódíu þó ákveðið sérkenni svæðisins og því miður, gerast hræðilegir hlutir á fallettum stöðum.

Aukið aðgengi að fjölmiðlum og öðrum samskiptamiðlum hefur haft þau áhrif að einstaklingar geta nálgast nánast hvað sem er, hvenær sem er (Seaton, 1996). Af svörum viðmælenda mátti greina að lítið virðist hafa farið fyrir umræðu um þjóðarmorðin í Kambódíu hér á landi. Vakti það athygli rannsakenda að breitt aldursbil viðmælenda virðist hafa skipt einhverju máli hvað varðar vitneskju um atburðina í gegnum fréttamiðla. Eldri viðmælendur minnstust þess að hafa aðeins heyrt fréttáflutning frá atburðunum á meðan hinir yngri höfðu lítið sem ekkert heyrt. Kom það rannsakendum þó lítið á óvart að yngra fólk skuli minna heyra af fréttum frá atburðum sem gerðust fyrir þeirra tíð. Við nánari athugun á hlutverki fjölmiðla komu upp vangaveltur varðandi það hvers vegna Killing fields virðist hafa fengið minni athygli í vestrænum löndum en til að mynda Auschwitz. Síðari heimsstyrjöldin og Auschwitz snertir vestrænar þjóðir vegna sögunnar og landfræðilegrar staðsetningar og eru því vissulega nálægari. Þarf það þá að þýða að Kambódía og saga þjóðarinnar sé síður mikilvæg vegna þess að hún þykir fjarlæg vestrænum heimi? Hefur það hugsanlega eitthvað með flokkunina „við” og „hinir” að gera? Með því er átt við að „við” séu hinar vestrænu þjóðir sem framandgera (*e. othering*) „aðrar” þjóðir sem þær telja fjarlæggar og ókunnar (Said, 1978).

Það vakti athygli rannsakenda að kvikmyndin um Killing fields (Pavilion, 1985, 25. mars) hafi verið frumsýnd svo stuttu eftir innrás Víetnama í Kambódíu. Rannsakendur velta upp

þeirri hugmynd hvort viðfangsefni kvikmyndarinnar og saga Kambódíu hafi náð nægri athygli íbúa í vestrænum löndum til þess að auka heimsóknir á svæðið. Sömu leiðis má velta því upp hvort kvikmyndin hafi hugsanlega verið sýnd á röngum tíma. Hefði hún til að mynda komið út á síðastliðnum áratug, þegar ferðalög og upplýsingagjöf voru orðin aðgengilegri, væri mögulegt að áhugi vestrænna þjóða væri meiri á þessari fjarlægju sögu.

Framfarir tækniþróunar í heiminum í dag hafa orðið til þess að sumir íbúar vestrænna þjóða finna hugsanlega fyrir tótleika innra með sér. Reyna einstaklingar því að upplifa eitthvað áreiðanlegt sem þeir telja sig oft finna á fjarlægum slóðum (Anna Karlsdóttir, 2005). MacCannell (1999) greindi frá því í kenningum sínum að einstaklingar séu í leit að svokölluðu sanngildi á ferðalögum sínum. Leitast þeir við að komast í tæri við bakhlið staðar, þar sem upplifunin er áreiðanleg fremur en að sjá glansmynd staðarins, sem á sér oft litla stoð í raunveruleikanum. Ferðalög á myrkar slóðir gera ferðamönnum kleift að komast nær ákveðnu sanngildi að því leyti að þeir komast nær hörmulegum atburðum sem hafa átt sér stað. Má því velta upp þeirri spurningu hvort verið sé að sýna framhlið Killing fields; þá glansmynd sem rekstraraðilar vilja að ferðamenn sjái eða hvort verið sé að hleypa fólki að bakhliðinni og varpa fram þeim raunverulegu atburðum sem áttu sér stað. Viðmælendur voru allir sammála um að mikið af upplýsingum og raunverulegum munum tengdum þjóðarmorðunum hafi verið stillt fram til þess að ferðamenn sjái þá. Þannig myndi ferðamönnum ef til vill finnast að þeir kæmst frekar í beina snertingu við sögu staðarins og þar með ákveðna bakhlið. Stone og Sharpley (2008) hafa til að mynda bent á að einstaklingar séu í leit að sannleikanum og dauðanum þegar myrkir staðir eru heimsóttir. Slíkir staðir veita manni ákveðna nálægð að því leyti að hægt er að ferðast á stað þar sem hræðilegir atburðir hafa átt sér stað og eru upplýsingar um þá orðnir aðgengilegri en nokkru sinni fyrr í gegnum hina ýmsu miðla. Á sama tíma er þó ákveðin fjarlægð fólgin í stöðunum, þar sem gestir þurfa ekki að kljást við atburðina sjálfir og geta því verið áhorfendur í fjarlægju, öruggu umhverfi. Ekki voru þó allir viðmælendur rannsóknarinnar í leit að ákveðnum sannleika um dauðann og að kynnst hinni raunverulegu sögu sem liggur að baki þeim óhugnaði sem átti sér stað á Killing fields. Katrín og María voru tveir þeirra viðmælenda sem vildu komast í kynni við menningu og sögu staðarins. Þær gerðu sér grein fyrir þeim hörmungum sem síðan blöstu við þeim þegar á Killing fields var komið og voru reiðubúnar að meðtaka upplýsingar og fræðast. Má því líta til umræðu Olsen (2002) um að sanngildi sé aðal hvati neyslu einstaklinga á ferðalögum á myrkar slóðir. Ferðamenn telja að á bakhliðinni megi finna áreiðanlega menningu og velta rannsakendur því upp hvort að Katrínu og Maríu hafi tekist það með nærveru sinni, þrátt fyrir að atburðirnir séu fjarlægir, sér í lagi fyrir hinn vestræna heim (Stone & Sharpley, 2008). Einnig tekur framsetning staða mið af persónulegum þörfum einstaklinga og breytist hún eftir því sem þarfir einstaklinga taka breytingum (Edensor, 2001). Að mati rannsakenda býr staður ekki yfir einu ákveðnu sanngildi sem hver og einn ferðamaður mun upplifa þegar á staðinn er komið. Því er vert að ítreka að túlkun einstaklinga á sanngildi er mjög persónubundin og telja rannsakendur því að erfitt geti reynst að staðfesta að um sanngildi sé að ræða hvað varðar framsetningu staðar. Oft á tíðum gerist það að einstaklingar telji sig vera að upplifa eitthvað áreiðanlegt, sem svo er ekki. Vísar það til sviðsetta raunveruleikans sem MacCannell (1999) fjallaði um í sínum fræðum. Rekstraraðilar Killing fields telja sig til að mynda vera að setja hina raunverulegu sögu staðarins fram, en ljóst er að það skilaði sér ekki til allra viðmælenda. Mætti til dæmis vera að Ólöf hafi upplifað lítið sanngildi í sinni heimsókn, þar sem hún líkti heimsókninni við að labba í gegnum safn sem hefur verið sett upp fyrir hana að neyta. Velta rannsakendur því fyrir sér hvað það hafi verið við framsetningu staðarins sem hafði áhrif á að upplifun hennar var á þennan hátt. Getur verið að atburðir á borð við þjóðarmorðin í Kambódíu séu henni

svo fjarlægir að henni hafi þótt eins og um sviðsetningu væri að ræða? Eða getur verið að of mikið sé gert úr framsetningunni svo markmið rekstraraðila skili sér ekki til gesta, enda áttaði hún sig ekki á hver tilgangurinn væri með framsetningunni. Það vakti athygli rannsakenda að María hafði orð á því að heimsóknin á Killing fields sé oft rædd innan fjölskyldunnar. Má því velta fyrir sér hvort sú umræða hefði lifað áfram ef henni hefði þótt um sviðsettan stað að ræða. Getur hugsast að María telji að hún hafi skynjað raunverulegt sanngildi Killing fields?

Aukin aðsókn ferðamanna á myrka staði hefur það í för með sér að huga þarf að innviðum staðarins. Niðurstöður viðtala leiddu í ljós að töluverðar framfarir hafa orðið á innviðum Killing fields á undanförunum árum. Framsetning staðarins hefur því breyst töluvert frá því að fyrstu gestir heimsóttu svæðið. Bríet talaði um skort á innviðum í sinni fyrstu heimsókn árið 2007. Að sögn Bríetar telur hún framkvæmd við talningu gesta sem heimsækja Killing fields vera ábótavant og að það sé fremur miður að slíkt hafi ekki verið gert skipulega í gegnum árin. Af svörum Laufeyjar að dæma var ljóst að þó nokkur breyting hefur orðið en hún heimsótti svæðið árið 2019. Velta rannsakendur því fyrir sér hvort að framsetning staðarins í seinni tíð hafi haft áhrif á upplifun þeirra á sanngildi. Þrátt fyrir að fræðimenn telji að uppbygging og innviðir hafi neikvæð áhrif á túlkun á sanngildi, þá var það ekki tilfellið hjá Laufeyju og Bríeti. María minntist þess að henni hafi þótt atburðirnir fjarlægir sér heima í öruggu umhverfi. Framsetningin á Killing fields gerði það að verkum að hún upplifði meiri nálægð við atburðina og fann þar af leiðandi meiri tengingu við sanngildið. Verandi með börn með sér átti hún samt sem áður auðvelt með að halda fjarlægð við alvarleika málsins að einhverju leyti. Líkt og Gunnar nefndi þótti honum fremur mikil óreiða á svæðinu og túlkun hans á svæðinu var ekki í samræmi við það sem rekstraraðilar Killing fields leggja upp með. Velta rannsakendur því fyrir sér hvort að Gunnari hafi þótt saga staðarins of fjarlæg sér og þess vegna hafi hann ekki getað skynjað áreiðanleika á svæðinu. Í kjölfar aukinnar aðsóknar ferðamanna er óhjákvæmilegt að hagvöxtur áfangastaðar muni aukast (Foley & Lennon, 1996). Að mati rannsakenda er mikilvægt að halda tölu yfir heildarfjölda þeirra sem heimsækja svæðið til þess að rekstraraðilar geti haft betri yfirsýn og skipulag á svæðinu. Sé raunin sú að aukning hafi orðið á ferðamönnum sem heimsækja Killing fields, hafa rekstraraðilar þó lagt áherslu á að markmið svæðisins sé að fræða fremur en að græða. Það má því velta fyrir sér hvort að þáttur sanngildis sé minni með breyttri framsetningu staðarins. Líkt og nokkrir viðmælendur bentu á er aðgangseyrir inn á svæðið ekki mikill. Í grein sinni bendir Olsen (2002) á að tilfinning fyrir sanngildi minnki ef greiddur er aðgangseyrir. Rannsakendur telja að aukin uppbygging hafi verið nauðsynleg í kjölfar fjölgunar gesta. Áfangastaðurinn var byggður á svæði hörmunganna og því er ákveðið sanngildi fólgið í því að heimsækja hann. Nauðsynlegt er þó að varðveita menningararf þjóðarinnar og er það eingöngu gert með einhvers konar innviðum og um leið skapast þá framsetning sem gestir iðka (Bowman & Pezzullo, 2010).

Þrátt fyrir að markmið staðarins sé að fræða gesti um þá atburði sem áttu sér stað á Killing fields, vöknudu samt sem áður spurningar um siðferðislegt sjónarhorn hjá nokkrum viðmælendum. Vangaveltur viðmælenda má að mörgu leyti yfirfæra á hugmyndir Light (2017) um siðferðislegt sjónarhorn myrkra áfangastaða. Sem dæmi má nefna velti Ólöf því fyrir sér hvort að staður, eins og Killing fields, ætti að vera aðgengilegur almenningi. Ólöf velti þessu þó ekki fyrir sér fyrr en nokkrum árum eftir heimsókn sína og íhuga rannsakendur þá hvort að skoðanir hennar á heimsókninni og tilurð Killing fields hafi breyst á þeim árum sem liðið hafa frá heimsókninni. Rannsakendur velta því einnig fyrir sér hvort hugmyndir Ólafar séu þær sömu og hugmyndir Light um siðferði í tengslum við framsetningu myrkra

áfangastaða. Í ljósi þess að Ólöf fjallaði um ferðamenn á svæðinu sem voru þar sér til skemmtunar, má velta fyrir sér hvort hún sé að alhæfa að allir þeir ferðamenn sem heimsækja myrka áfangastaði séu óvirkir og ógagnrýnir, líkt og staðalímynd ferðamanna sem heimsækja myrka áfangastaði er í umfjöllun Light. Að mati rannsakenda er mikilvægt að minnst fortíðarinnar og telja þeir það lykilatriði að læra af henni, en á sama tíma þarf hver og einn að ákveða fyrir sig hvort honum þyki siðferðislega rétt að heimsækja stað á borð við Killing fields.

## 6.1 Helstu niðurstöður rannsóknarinnar

Sé efni ritgerðarinnar dregið saman og rannsóknarspurningarnar hafðar til hliðsjónar, má vel sjá að ferðamenn hafa lengi dregist að myrkum áfangastöðum, hver svo sem ástæðan þar að baki er. Fræðimenn hafa reynt, eftir fremsta megni, að varpa ljósi á þær ástæður og telja að meðal annars forvitni, fróðleiksþorsti og að læra um aðra menningarheima séu aðal ástæðurnar. Slíkir staðir verða þó oft óvart aðdráttarafl fyrir ferðamenn og njóta í kjölfarið oft á tíðum mikilla vinsælda. Í gegnum viðtöl var ljósi varpað á ástæður að baki heimsóknanna og upplifanir þeirra einstaklinga sem heimsóttu Killing fields. Leiddu viðtölin í ljós að ástæður einstaklinganna voru mismunandi. Þær voru allt frá því að vera ungir einstaklingar í heimreisum með það að markmiði að skemmta sér yfir í að vera einstaklingar í leit að nýrri þekkingu og til þess að komast í tæri við aðra menningarheima. Upplifanir viðmælenda voru að sama skapi ólíkar, þrátt fyrir að þeim hafi öllum fundist hún þungbær og átakanleg. Sumir áttu auðveldara með að skilja við heimsóknina og halda ferð sinni áfram án vandkvæða, á meðan að heimsóknin sat lengur í öðrum. Þegar þáttur sanngildis í framsetningunni á Killing fields var skoðaður komust rannsakendur að því að hann var mismikill eftir ferðamönnum sökum þess hversu ólíkan bakgrunn, reynslu og hugsjónir þeir hafa. Þrátt fyrir að rekstraraðilar Killing fields leggi upp með að koma hinni raunverulegu sögu staðarins á framfæri þá er ekki víst að sagan skili sér til allra gesta, líkt og vonast er eftir. Ferðamenn eiga þó margt sameiginlegt eftir heimsókn á Killing fields, en upplifun á sanngildi er persónubundin og þarf því að skoða þátt sanngildis út frá hverjum og einum einstaklingi.

# Heimildir

- Anna Karlsdóttir. (2005). Ferðamálafræðilegar vangaveltur um Þjóðminjasafnið. *Saga-Tímarit sögufélags*, XLIII(I), 181-190.
- Biran, A., Poria, Y. & Oren, G. (2011). Sought experiences at (dark) heritage sites. *Annals of Tourism Research*, 38(3), 820-841. <https://doi.org/10.1016/j.annals.2010.12.001>
- Bowman, M.S. & Pezzullo P.C. (2010). What's so 'Dark' about 'Dark Tourism'?: Death, tours, and performance. *Tourist Studies*, 9(3), 187-202. <https://doi.org/10.1177/1468797610382699>
- Bryman, A. (2016). *Social Research Methods* (5. útg.). Oxford: Oxford University Press.
- Bærenholdt, J.O. & Haldrup, M. (2006). Mobile networks and place making in cultural tourism: Staging viking ships and rock music in Roskilde. *European Urban and Regional Studies*, 13(3), 209-224. <https://doi.org/10.1177/0969776406065431>
- Cohen, E. (1996). A phenomenology of tourist experiences. Í Apostolopoulos, Y., Leivadi, S. & Yiannakis, A. (ritstj.), *The sociology of Tourism: Theoretical and empirical investigations* (bls. 179-201). London: Routledge.
- Edensor, T. (2001). Performing tourism, staging tourism. *Tourist Studies*, 1(1), 59-81. <https://doi.org/10.1177/146879760100100104>
- Foley, M. & Lennon, J.J. (1996). JFK and dark tourism: a fascination with assassination. *International Journal of Heritage Studies*, 2(4), 198-211. <https://doi.org/10.1080/13527259608722175>
- Fonseca, A.P., Seabra, C. & Silva, C. (2016). Dark tourism: Concepts, typologies and sites. *Journal of Tourism Research & Hospitality*, S2, 1-6. <http://dx.doi.org/10.4172/2324-8807.S2-002>
- Grief Tourism. (2007, 25. mars). Trying to explain the rise of dark tourism. Sótt af <http://www.grief-tourism.com/trying-to-explain-the-rise-of-dark-tourism/>
- Helga Sverrisdóttir. (2002, 22. janúar). Hverjir voru Rauðu khmerarnir? Sótt af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=2061#>
- Lennon, J.J. & Foley, M. (1999) Interpretation of the Unimaginable: The U.S. Holocaust Memorial Museum, Washington, D.C., and "Dark Tourism". *Journal of Travel Research*, 38, 46-50. <https://doi.org/10.1177/004728759903800110>
- Lennon, J.J. & Foley, M. (2000). *Dark Tourism: The Attraction of Death and Disaster*. London: Thomson.

- Light, D. (2017). Progress in dark tourism and thanatourism research: An uneasy relationship with heritage tourism. *Tourism Management*, 61, 275-301.  
<https://doi.org/10.1016/j.tourman.2017.01.011>
- MacCannell, D. (1973). Staged authenticity: Arrangements of social space in tourist settings. *American Journal of Sociology*, 79(3), 589–603. DOI:10.1086/225585
- MacCannell, D. (1999). *The Tourist: A New Theory of the Leisure Class*. Berkeley, Kaliforníu: University of California press.
- Marissa. (2018, 7. júlí). The history of Cambodia's Killing Fields. Sótt af <https://theculturetrip.com/asia/cambodia/articles/a-guide-to-cambodias-killing-fields/>
- Martini, A. & Buda, D.M. (2018). Dark tourism and affect: framing places of death and disaster. *Current Issues in Tourism*, 23(6), 679-692.  
<https://doi.org/10.1080/13683500.2018.1518972>
- Olsen, K. (2002). Authenticity as a concept in tourism research: The social organization of the experience of authenticity. *Tourist Studies*, 2(2), 159-182.  
<https://doi.org/10.1177/146879702761936644>
- Pavilion, D.C. (1985, 25. mars). The 57th Academy Awards. Sótt af <https://www.oscars.org/oscars/ceremonies/1985>
- Rojek, C. (1993). *Ways of Escape*. Macmillian: Basingstoke.
- Said, E.W. (1978). *Orientalism*. London: Routledge & Kegan Paul Ltd.
- Sawyer, H.E. (2018). *I am the Dark Tourist: Travels to the Darkest Sites on Earth*. Bretland: Headpress.
- Seaton, A.V. (1996). Guided by the dark: From thanatopsis to thanatourism. *International Journal of Heritage Studies*, 2(4), 234-244.  
<https://doi.org/10.1080/13527259608722178>
- Stone, P.R. (2005). Dark Tourism - An old concept in a new world. *Tourism*, 1(125). Sótt af [https://works.bepress.com/philip\\_stone/26/](https://works.bepress.com/philip_stone/26/)
- Stone, P.R. (2006). A dark tourism spectrum: Towards a typology of death and macabre related tourist sites, attractions and exhibitions. *Tourism: An Interdisciplinary International Journal*, 54(2), 145-160.
- Stone, P. & Sharpley, R. (2008). Consuming dark tourism: A thanatological perspective. *Annals of Tourism Research*, 35(2), 574-595.  
<https://doi.org/10.1016/j.annals.2008.02.003>

- Sharpley, R. (2009). Shedding light on dark tourism: An introduction. Í Sharpley, R. & Stone, P. (ritstj.), *The Darker Side of Travel: The Theory and Practice of Dark Tourism* (bls. 3-23). Bristol: Channel view publications.
- Tarlow, P.E. (2005). Dark Tourism: The appealing “dark side” of tourism and more. Í M. Novelli (ritstj.), *Niche Tourism – Contemporary Issues, Trends and Cases* (bls. 47-58). Oxford: Butterworth-Heinemann.
- Taylor, A. (2014, 7. ágúst). Why the world should not forget Khmer Rouge and the killing fields of Cambodia. Sótt af <https://www.washingtonpost.com/news/worldviews/wp/2014/08/07/why-the-world-should-not-forget-khmer-rouge-and-the-killing-fields-of-cambodia/>





# Viðauki A

Hér má sjá viðtalsrammann sem stuðst var við í rannsókninni.

